

**ÞORSTEINN ÞORSTEINSSON
SVERRIR THORSTENSEN**

FUGLAR Í HRÍSEY Á EYJAFIRÐI

**TALNING SUMARIÐ 2014 MEÐ SAMANBURÐI
VIÐ TALNINGAR 1994 OG 2004**

UNNIÐ FYRIR UMHVERFISNEFND AKUREYRAR



Rjúpuhreiddur í lúpínu í Hrísey

Ljósmynd: Þorsteinn Þorsteinsson 19.06.2014

AKUREYRI DESEMBER 2014

EFNISYFIRLIT:

INNGANGUR	3
LANDLÝSING	3
GRÓÐURFAR	5
HEIMILDIR UM FUGLALÍF OG FYRRI TALNINGAR	8
AÐFERÐIR	9
VARPFUGLAR	13
FUGLAR SEM SÁUST Í HRÍSEY 2014 EN URPU EKKI	50
ÓREGLULEGIR VARPFUGLAR	51
MERKINGAR OG ENDURHEIMTUR MERKTRA FUGLA	52
UMRÆÐA	53
ÞAKKIR	56
HEIMILDIR	57
VIÐAUKAR	59

INNGANGUR

Hér er gerð grein fyrir talningu fugla í Hrísey á Eyjafirði sumarið 2014. Hliðstæðar talningar voru gerðar 1994 og 2004 en niðurstöður þeirra hafa ekki verið birtar. Í þessari skýrslu birtum við niðurstöður talninganna 1994 og 2004 til samanburðar við talninguna 2014. Talningarnar 1994 og 2004 voru að frumkvæði ÞP sem aflaði styrkja til verksins. Talningin nú er á vegum umhverfisnefndar Akureyrarbæjar. Talningar hófust 12. maí og lauk eftir miðjan ágúst.


LANDLÝSING

Hrísey á Eyjafirði er önnur stærsta eyjan við Ísland næst á eftir Heimaey. Hún er 7,4 km² að flatarmáli, um 6.3 km á lengd og 2.3 km á breidd þar sem hún er breiðust. Hæst rís eyjan 110 m yfir sjó rétt norðan vitans norðarlega á eyinni. Á 1. mynd er kort af Hrísey með flestum þeirra örnefna sem koma fyrir í skýrslunni.

Hrísey skiptist í tvær jarðir frá fornu fari, Ystabæ og Syðstabæ. Syðstabæjarland er nú í eigu Akureyrarbæjar eftir að Hríseyjarhreppur og Akureyrarbær sameinuðust í ágúst 2004. Sæmundur Stefánsson keypti Ystabæjarjörðina árið 1959. Innan hennar er Miðbæjarland sem liggur eins og mjótt belti þvert um miðja eyjuna. Miðbæjarland er afmarkað með girðingum að norðan og sunnan og er syðri girðingin á landamerkjum við land Akureyrar sem nefnt var hreppsland fyrir sameiningu sveitarfélaganna. Á árunum 1936-1954 var býlið Miðbær hluti af Ystabæjarlandi, en í Jarðabók Árna og Páls frá árinu 1712 er Miðbær nefndur sem fornt eyðibýli sunnarlega í landi Ystabæjar. Munnmæli segja að Miðbær hafi lagst í eyði í Svartadauða 1402-04. Byggingarleifar voru enn ljósar hér 1712 og töldu Árni og Páll að enn mætti hér byggja þó heyskapur sé ærið lítill. Ystibær fór í eyði sem bújörð árið 1955 þegar bærinn brann. Ystabæjar- og Miðbæjarland eru samtals um helmingur af flatarmáli Hríseyjar. Hríseyjarþorp er á suðurenda eyjarinnar og er byggðin þéttust upp af Sandshorni. Húsin eru dreifð á um þriggja km langri og mjórri spildu meðfram ströndinni frá Stekkjarnefi í suðri að Saltnesi í norðri. Í byggðakjarnanum er skjólsælla fyrir norðanstormum á veturna og hafgolunni á sumrin en annars staðar á eyjunni. Í Hrísey bjuggu þegar flest var allt að 350 manns. Íbúar Hríseyjar 1. desember 2013 voru 171.

Flugvöllur fyrir minni vélar var gerður í eyinni árið 1965. Hann var síðan lengdur til suðurs og malborinn að hluta árið 1980.

Aðeins ein náttúruleg tjörn er í Hrísey, en það er Hólmatjörn sem er í landi Akureyrarbæjar. Í Dalvíkurjarðskjálftanum 1934 þornaði tjörnin upp er sprungur komu í botn hennar. Hólmatjörn varð aldrei söm eftir þetta og í þurrum sumrum þornar hún upp að mestu leyti.



1. mynd. Hrísey á Eyjafirði. Flest örnefni sem koma fyrir í skýrslunni eru sýnd

Fljótlega eftir að Sæmundur Stefánsson keypti Ystabæ árið 1959 lét hann gera smátjarnir fyrir æðarfuglinn, fyrst með því að gera stíflur á örfáum stöðum en síðar voru gerðar tjarnir með jarðýtu á nokkrum stöðum. Miðbæjartjörn er stærsta manngerða tjörnin en hún er austan túnsins á Miðbæ og rétt vestan vegarins að Ystabæ. Neðan Miðbæjartúns var gerð önnur tjörn. Þá var gerð tjörn sem kölluð er Kollutjörn við ytri Miðbæjargirðingu vestan vegar. Tjörn var gerð rétt norðan Beitarhúsavíkur og upp af svonefndu Enni var gerð svonefnd Ennistjörn. Lítil tjörn var gerð rétt sunnan túnsins á Ystabæ og önnur í norðausturhorni Ystabæjartúns. Í slakkanum suður af vitanum var gerð hringlaga tjörn, ýmist nefnd Gígtjörn eða Hólmapollur. Rétt sunnan hennar var gerður stíflugarður og þar myndaðist lítil tjörn. Norðan Miðbæjargirðingar var gerð svonefnd Þríhólmatjörn. Þá var gerð tjörn milli girðinga ofan vegar og eru þá upptaldar tjarnir í Ystabæjarlandi.

Sunnan Miðbæjargirðingar í landi Akureyrarbæjar er fyrrnefnd Hólmatjörn, en að auki voru búnar til fimm tjarnir vestan háeyjarinnar árið 1985 til vatnsöflunar fyrir þorpsbúa. Árið 1987 var borað eftir neysluvatni neðan þessara tjarna rétt ofan vegarins til Ystabæjar. Þar fékkst mjög gott vatn og var upphaflegu hlutverki tjarnanna þar með lokið en þær nýtast vel fuglum. Ný tjörn nokkuð stór var gerð upp af nyrstu húsunum í þorpinu og nefnist hún Lambhagatjörn. Þar var sett upp skýli fyrir fuglaskoðara árið 2007.

GRÓÐURFAR

Þurrlandisgróður þekur um 85% af flatarmáli Hríseyjar. Lágvaxnir lyngmóar þekja eyjuna að mestu með krækilyngi, bláberjalyngi, aðalbláberjalyngi, sortulyngi og beitylyngi. Votlendi er um 4% af flatarmáli Hríseyjar (Rannveig Thoroddsen o.fl. 2009). Stærstu votlendissvæðin eru á eyjunni suðvestanverðri og í Löngumýri sem gengur upp frá suðausturströndinni. Undirlendi er helst að vestanverðu en austantil er hólóttara

Breytingar á gróðurfari hafa orðið í Hrísey vegna búsetu manna eins og víða annars staðar á landinu. Mótekja var á tveimur stöðum í Hrísey til forna og allt fram til ársins 1955 í Löngumýri og út með vegi í svonefndum Ytri mýrum. Grafirnar eru enn vel sjáanlegar þótt þær hafi gengið saman og grynnt frá því sem áður var. Í fyrndinni sléttuðu menn tún við hús sín til grasnytja. Túnrækt var hvað mest í Hrísey á árunum 1930-1940. Þá voru fengnir menn úr landi með hesta og vélar, lyngmóarnir tættir í sundur upp frá byggðinni og menn fengu túnskika við hús sín, misstóra eftir stærð bústofns (ÞB, KB).

Sæmundur Stefánsson og fjölskylda hans hafa gróðursett mikið af margskonar trjátegundum í Ystabæjarlandi. Farið var að gróðursetja tré þar árið 1962 í túnið ofan bæjar og uppi í brekkunni sunnan og ofan Lendingar. Þá voru gróðursett tré á milli girðinga ofan vegarins í Miðbæjarlandi. Mest var gróðursett af greni og furu en árið 1964 var gróðursett mikið af birki ofan vegar sunnan við Hundhól. Alls hafa verið gróðursettar yfir 75 þúsund tré af mörgum tegundum í Ystabæjarlandi.

Almenn skógrækt hófst í Hrísey eftir 1960 og ekki eru mörg ár frá því að síðustu trén voru gróðursett. Mikið var plantað af lerki en vegna mikilla snjóþyngsla undanfarna vetur hefur sú trjátegund farið mjög illa. Nú eru stór svæði ofan þorpsins og víða í Ystabæjarlandi þakin dauðum og brotnum greni- og lerkitrjám sem eru lítið augnayndi (2. mynd). Skógrækt þekur nú um 4% af flatarmáli Hríseyjar (Rannveig Thoroddsen o.fl. 2009)



2. mynd. Brotið greni í Hrísey eftir snjóþyngsli.
Ljós. Sverrir Thorstensen 14.05.2014

Lúpínufræjum var sáð í ógróið land norðan og austan vitans árið 1963 og einnig í sárin meðfram veginum til Ystabæjar, en þau mynduðust þegar vegurinn var lagfærður. Þar hefur hún nú breiðst ört út og yfir gróið land. En það skal tekið fram að á þeim tíma voru menn hvattir til þess af opinberum aðilum að sá lúpínufræjum og gróðursetja lúpínuhnausa í ógróin landsvæði. Frá því um 1990 hefur skógarkerfill verið að breiðast út í Hrísey (3. mynd) og yfirtekur hann lúpínubreiðurnar. Miklar blikur eru á lofti vegna breytinga á gróðurfari næstu áratugi, enda eru verulegar líkur á því að lúpína og skógarkerfill breiðist meira út yfir náttúruleg gróðurlendi eyjarinnar. Í stað fjölbreyttra gróðurlenda verður aðeins ein tegund þar sem breiðurnar eru þéttastar (Borgþór Magnússon o. fl. 2001). Utan vaxtartímans líta svæðin út eins og kartöflugarðar eftir að grös eru fallin. Sumarið 2007 þöktu ágengu tegundirnar alaskalúpína, skógarkerfill og ætihvönn 12% af flatarmáli Hríseyjar (Rannveig Thoroddsen o.fl. 2009) og gera má ráð fyrir að þetta hlutfall hafi aukist á þessum 7 árum sem liðin eru síðan mælingin var gerð. Í Hrísey hefur fundist 221 tegund háplantna (Gagnagrunnur plantna. Náttúrufræðistofnun Íslands) og væri mikil synd ef sú fjölbreytni gróðurfars viki fyrir þremur ágengum tegundum.



3. mynd. Skógarkerfils- og lúpínubreiðan á bökkunum ofan Mela í Hrísey. Ljós. Sverrir Thorstensen 09.07.2014

Þegar Sæmundur Stefánsson keypti Ystabæ var mikil sauðfjárrækt í Hrísey og eyjan var á góðri leið með að blása upp vegna ofbeitar. Á þeim tíma var ekki vart við víðitegundir eða fjalldrapa í eygni. Þegar Ingimar Óskarsson kannaði gróður í Hrísey á þriðja áratugnum voru birki og fjalldrapi horfin úr eygni en víðir enn algengur (Ingimar Óskarsson 1930). Sæmundur friðaði land sitt algjörlega fyrir beit um 1960 og nú rúmlega hálfri öld síðar þekja loðvíðir og gulvíðir allar mýrar og birki er víða farið að skjóta upp kollinum. Einivíður er að vaxa upp á nokkrum stöðum og hrísið (fjalldrapinn) sem eyjan er nefnd eftir er farið að sjást á ný. Haustið 1973 var síðustu sauðkindunum fargað í Hrísey vegna einangrunarstöðvarinnar sem þá var reist fyrir holdanaut. Í kjölfar beitarfriðunar á suðureyinni hafa orðið nokkrar breytingar á gróðurfari. Grös eru meira áberandi og gulvíðirunnar og ætihvönn eru nú víða (Rannveig Thoroddsen o.fl. 2009).

Langtímamarkmið Akureyrarbæjar varðandi gróður og fuglalíf í Hrísey er að viðhalda fjölbreytileika eyjarinnar. Ennfremur að náttúrufar og landslag sé hluti af ímynd Hríseyjar og að sérstæð svæði njóti verndar en séu um leið aðgengileg. (Staðardagskrá 21 fyrir Hrísey 2007). Norðurhluti Hríseyjar er á Náttúruminjaskrá (1996) vegna fjölskrúðugs gróðurs og mikils fuglalífs.

HEIMILDIR UM FUGLALÍF Í HRÍSEY OG FYRRI TALNINGAR

Skráðar heimildir frá því því fyrir 1959, hvað þá birtar eru ekki miklar. Menn litu til fugla himinsins en skráðu ekkert hjá sér.

Þorsteinn Baldvinsson (ÞB) faðir Þorsteins Þorsteinssonar var sjómaður til margra ára. Frá honum eru komnar margs konar upplýsingar um lífið í Hrísey á fyrstu áratugum 20. aldar.

Kristinn Þorvaldsson (KÞ) var strákur í Hrísey um 1930. Hann hafði mikinn áhuga á fuglum. Kristinn bjó í Hrísey til 1960 og eftir hann liggur mikið safn frásagna um lífið í Hrísey. Allt efni hans er nú í vörslu ÞÞ.

Sæmundur Stefánsson á Ystabæ hélt dagbók (SS dagb.) þegar hann var í eygni frá því er hann keypti Ystabæjarland árið 1959 og allt til þess er hann lést árið 1996. Þar ritaði hann eitt og annað um fugla, komutíma þeirra á vorin, ýmsa fugla sem sáust, upplýsingar um dúntekju og fleira. Sæmundur tók einnig saman stutta lýsingu á fuglalífínu við Ystabæ (SS bréf).

Úlla Knudsen (ÚK) ekkja Sæmundar, Unnur Sæmundsdóttir (US) dóttir þeirra og Sveinn Þór Stefánsson (SÞS) maður hennar veittu margháttaðar upplýsingar um fuglalíf Hríseyjar.

Kristinn F. Árnason (KFÁ) miðlaði upplýsingum um æðarvarp í hreppslandinu.

Viðamiklar rjúpnarannsóknir stóðu yfir á árunum 1962-1976 undir stjórn dr. Finns Guðmundssonar (FG). Einnig vann Arnþór Garðarsson að hluta til að doktorsritgerð sinni um rjúpunu í Hrísey á þessum árum. Því eru til miklar skráðar heimildir um fuglalíf almennt frá þessum árum í dagbókum ýmissa sem tóku þátt í þessum rannsóknum. Frá og með 1983 hefur annar okkar (ÞÞ) talið rjúpur á hverju vori fyrir Náttúrufræðistofnum Íslands og jafnframt haldið til haga ýmsum athugunum á öðrum fuglategundum.

Talning 1994:

Athugunartímabil var frá 15. maí til 25. ágúst. Verkefnið var einkar skemmtilegt, enda var veður gott um sumarið og varp fugla virtist takast ágætlega. Gengið var fram og aftur um alla eyjuna og fuglalífið kannað. Minna er um fugla á austureynni og því var ekki farið jafn mikið um þar og annars staðar. Ekki fékkst leyfi til þess að telja innan einangrunarstöðvarinnar og þess vegna voru eflaust eitthvað fleiri pör af sumum tegundum, t.d. fyl og teistu en hér er skráð.


Talning 2004:

Tíu árum eftir fyrri könnunina 1994 var ákveðið að endurtaka athuganir á fuglalífi Hríseyjar. Talið var áhugavert að skoða hvaða breytingar hafi átt sér stað í fuglalífínu frá því tíu árum áður. Könnunin sem fór fram sumarið 2004 stóð yfir frá 14. maí til ágústloka. Enn var talsverður snjór í eygni og mikil bleyta þegar talningar hófust og hitinn hefði mátt vera hærri, en eftir 25. maí fór veðrið að batna og í heildina var sumarið gott. Öll eyjan var undir því nú mátti fara um svæði einangrunarstöðvarinnar en ekki var þar mikið um fugla.

AÐFERÐIR

Aðferðir við að telja fugla eru breytilegar og fara m.a. eftir því hve algengar tegundirnar eru, lifnaðarháttum þeirra og staðháttum. Könnun eins og hér var framkvæmd er tímafrek og oft flókin. Aðalatriðið er að beita stöðluðum aðferðum svo unnt sé að fá raunhæfan samanburð við eldri talningar. Sumar fuglategundir eru fremur sjaldgæfar og auðvelt að staðsetja þær á óðulum eða við hreiður. Í öðrum tilfellum þarf að koma oftar en einu sinni á svæðið og telja varppör.

Sumarið 1994 voru mófuglar taldir með tvenns konar aðferðum, annars vegar á fimm sniðum langsum eftir eyjunni og hins vegar var leitað að hreiðrum á 10 svæðum (4. mynd). Heildarlengd sniðanna er 20,4 km.



4. mynd. Hrísey. Fimm talningarsnið 1994
Tíu talningarsvæði 1994 og 2004

Sumarið 2004 var talið á sömu svæðum og 1994 en 30 ný snið voru afmörkuð (5. mynd). Utan þorpsins eru 15 snið sem liggja samsíða frá vestri til austurs og eru 300 metrar á milli þeirra. Innan þorpsins eru 15 mun styttri snið og á milli þeirra eru 150 metrar. Heildarlengd sniðanna 30 er 19,3 km. Í 1. viðauka eru GPS hnit endapunkta sniðanna og lengd þeirra í metrum.



5. mynd. Hrisey. Talningarsnið 2004 og 2014. Loftmynd: Loftmyndir ehf

Sumarið 2014 voru mófuglar taldir á sömu sniðum og 2004 en svæðatalningum var sleppt. Úrvinnsla gagna úr sniðtalningum 2004 og 2014 er gerð í forritinu DISTANCE (<http://distancesampling.org/whatisds.html>) sem byggir á því að tíðnidreifing athugana, hér fjöldi fugla, fellur með aukinni fjarlægð frá sniðlínu. Gengið var eftir sniðlínunni og allir fuglar sem sáust voru skráðir. Metið er út frá hegðun fuglanna hvort þeir séu varpfuglar á svæðinu. Í þeim tilfellum er fjarlægð fuglanna mæld hornrétt út frá sniðlínunni með fjarlægðarmæli (Osprey International). Til að fá sæmilega öruggt mat á þéttleika fugla á svæðinu þarf að minnsta kosti 60-80 athuganir. Einnig þurfa línurnar sem talið er á að vera að lágmarki 10-20 talsins (Ólafur K. Nielsen, Jenný Brynjarsdóttir og Kjartan Magnússon 2004). Í 2. viðauka eru útreikningar á fjölda og þéttleika mófugla fyrir árin 2004 og 2014.

Hér verður fjallað nánar um aðferðirnar sem notaðar voru í talningunum 1994, 2004 og 2014:

Fýll: Talið af sjó. Aðeins taldir þeir fuglar sem greinilega lágu á hreiðrum. Gróður hefur aukist verulega í klettunum á varpstöðum fýla frá 2004 og gera má ráð fyrir að ekki hafi tekist að sjá öll hreiðrin. Fjöldinn sem fékkst í talningunni er því lágmarkstala.

Grágæs: Þör á varpstöðum talin og leitað að hreiðrum þar sem fuglar sáust fljúga af.

Endur: Þör á sjó við eyna og á tjörnum talin í upphafi varptíma. Fjöldi miðast við mesta fjölda steggja eða para sem sáust í einu á hverjum stað fyrir sig.

Æður: Æðarvarpið er stórt og dreift um eyjuna. Mest er það neðan götunnar frá syðri Miðbæjargirðingu og út undir Ystabæjartún. Minna varp er á syðri hlutanum, þéttast austan flugvallar en dreift annars staðar. Upplýsingar um æðarvarp í eyinni fengust frá þeim er það stunda (ÚK og KFÁ).

Rjúpa: Rjúpakarrar hafa verið taldir lengi í Hrísey. Talningar fara þannig fram að gengið er um alla eyjuna og karrar á óðali merktir inn á loftmynd. Miðað er við að hlutföll kynja séu jöfn í upphafi varptímans og þess vegna endurspeglar fjöldi karra fjölda hreiðra (ÓKN o.fl. 2004).

Hettumáfur: Varpsvæði afmörkuð og merkt inn á loftmynd. Fuglar taldir úr fjarlægð. Gengið skipulega um svæðið og leitað að hreiðrum. Þar sem ekki er mögulegt að telja hreiður fæst fjöldi varppara með því að margfalda fjölda fugla með s.k. viðvistarstuðli sem er 0,61 (Ævar Petersen og Sverrir Thorstensen 1993).

Stormmáfur: Varpsvæði afmörkuð og merkt inn á loftmynd. Fuglar taldir úr fjarlægð og með því að ganga inn í varpið og fæla fuglana upp. Fjöldi varppara fæst með sömu aðferð og hjá hettumáfum. Stök þör voru merkt inn á loftmynd og leitað að hreiðrum.

Sílamáfur, silfurmáfur og svartbakur: Fuglar taldir á varpsvæðum úr fjarlægð áður en byrjað var að fækka þeim með skotmennsku. Fjöldi para fæst með því að margfalda fjölda fugla með 0,6 (Ævar Petersen 2009). Stök þör utan þéttasta varpsins skráð sérstaklega.

Kríur verpa á nokkrum aðskildum blettum í Hrísey. Mörk hvers varpsvæðis voru dregin inn á loftmynd. Fuglar taldir þar sem varppör voru tiltölulega fá. Fjöldi varppara fæst með því að margfalda fjölda fugla með 0,7 (Bullock & Gomersall 1981). Í fjórum stærstu byggðunum voru hreiður talin á sniðum sem tekin voru þannig að tveir menn gengu með strengt tveggja metra langt band á milli sín. Horft var beint fram og í áttina til hvors annars en ekki út fyrir bandið. Með þessu móti er reiknað með að öll hreiður og ungar úr hreiðrum hafi fundist á þessu tveggja metra belti. Staðsetning sniða var síðan færð inn á loftmynd af Hrísey og flatarmál sniðanna og varpsvæðanna í heild reiknuð út. Mat á fjölda varppara fékkst síðan með einfaldri þríliðu.

Teistur voru taldar þrisvar sinnum á mismunandi tímum yfir sumarið, því miklar breytingar á fjölda eiga sér stað bæði eftir tíma dags og yfir sumarið (Ævar Petersen 1981). Reynt var að telja á sömu dögum árin 1994, 2004 og 2014. Gengið var með ströndinni og fuglarnir taldir á sjónum. Gerður var greinarmunur á fullvöxnum fuglum og árgömlum. Gert er ráð fyrir að 87% af fuglum í fullorðinsbúningi hafi verið varpfuglar og er þá miðað við meðalfjölda fugla hvert ár (Ævar Petersen 1981).

Heiðagæs, tjaldur, sandlóa, kjói, mariuerla, músarrindill, steindepill, hrafn, stari og snjótitlingur: Leitað skipulega að pörum á öllum líklegum varpstöðum. Óðul merkt inn á loftmynd og reynt að staðsetja hreiður. Fjöldi para miðast við fjölda óðala.


Óðinshani: Leitað að pörum á öllum tjörnum seinast í maí og fram í byrjun júní áður en karlfuglarnir fara að liggja á hreiðrum. Tjarnirnar skoðaðar nokkrum sinnum á þessu tímabili.

Heiðlóa, lóupræll, hrossagaukur, jaðrakan, spói, stelkur, þúfutitlingur, skógarþröstur og auðnutitlingur: Fuglar taldir með sniðtalningum öll árin og með hreiðurleit á nokkrum fyrirfram ákveðnum svæðum 1994. Fjöldi varppara reiknaður út frá flatarmáli talinna svæða og eyjunnar í heild (1994) en í talningunum 2004 og 2014 var eingöngu reiknað út frá sniðtalningum með forritinu DISTANCE (sjá aðferðir).

VARPFUGLAR

Fýll *Fulmarus glacialis*

Fýll er frekar nýlegur varpfugl í Hrísey. Finnur Guðmundsson hafði eftir Þorsteini Baldvinssyni að fýlar hafi ekki verið farnir að verpa í eyinni árið 1953 (dagbók FG 30. maí 1963). Upp úr því hófst varp þeirra og fyrsta áratuginn voru þeir eingöngu austan á eyjunni frá ytri Miðbæjargirðingu að Melendum. Sumarið 1963 héldu þrjú pör til vestan á eyinni utan við Ystabæ og í dagbók FG stendur skrifað að ekki verði þess lengi að bíða að þeir færu að verpa þar. Skipting Hríseyjar í talningarsvæði fýls árin 1994, 2004 og 2014 er sýnd á 6. mynd.



6. mynd. Hrísey. Talningarsvæði fýls 1994, 2004 og 2014

1994: Alls voru 1739 fýlspör verpandi í eyinni.

2004: Alls voru 2222 fýlspör verpandi í eyinni.

2014: Fyrstu egg fundust 23. maí. Talning af sjó fór fram 26. júní. Alls voru 2295 fýlspör verpandi í eyinni (7. mynd). Niðurstöður talninga 1994, 2004 og 2014 eru sýndar í 1. töflu.



7. mynd. Þétt varp fýla í Ystabæjarlandi í Hrísey. Ljós. Þorsteinn Þorsteinsson 04.06.2014

1. tafla. Talning fýla í Hrísey 1994, 2004 og 2014. Sjá 6. mynd vegna svæðisskiptingar.

Svæði	Númer	1994	2004	2014
	svæðis			
Stekkjarnef - Stóri-Boli	1	258	233	157
Stóri-Boli - Borgarbrík	2	93	62	59
Borgarbrík - Brattirani	3	356	426	574
Brattirani - Viti	4	286	358	505
Viti - Eyjarendi	5	174	272	323
Eyjarendi - Lending	6	250	554	433
Lending - Bjargið	7	30	198	132
Bjargið - Merkines	8	283	96	90
Merkines - Saltnes	9	9	23	22
Samtals:		1739	2222	2295

Fýl heldur áfram að fjölga í Hrísey þó verulega hafi hægt á. Á milli talninga 1994 og 2004 var fjölgunin 483 pör (28%) en 73 pör (3%) milli 2004 og 2014. Talið er að fjölgunarskeiði fýls hér á landi hafi lokið um aldamótin 2000 og fækkun hafist um það leyti (Arnþór Garðarsson, Guðmundur A. Guðmundsson og Kristján Lilliendahl 2011).

Heiðagæs *Anser brachyrhynchus*

Heiðagæs varp fyrst í Hrísey árið 1993 eftir því sem best er vitað (SS dagb.). Þá urpu tvö pör í Torfunum og kom annað þeirra upp ungum en varp misfórst hjá hinu.

1994: Tvö pör voru með hreiður í eygni og komu bæði upp ungum. Að þessu sinni voru hreiðrin ekki í Torfunum, heldur ögn sunnar, annað var fremst á Ytrivogartöng en hitt upp af Svartkolluhelli. Þann 29. maí sáust gæsirnar á hreiðrum og 12. júní voru fjórir ungar hjá parinu við Svartkolluhelli en ennþá var legið á hinu hreiðrinu. Steggir sáust nálægt báðum hreiðrunum. Þann 19. júlí sást heiðagæsarpár með unga í Selvík (SS dagb.).

2004: Tvö hreiður voru í Melunum. Annað var stutt utan Melenda og hitt á bjargbrúninni neðan við vitann.

2014: Eitt hreiður með fimm eggjum var upp af Svartkolluhelli í Melunum í lok maí (ÚK).

Fjöldi heiðagæsa í Hrísey hefur ekki breyst á þessu 20 ára tímabili. Einhverju sinni á þessu tímabili voru þrjú hreiður í Melunum.

Grágæs *Anser anser*

„Ein gæs verpti sumarið 1984 á dranganum í Ytri-Krossatóftarvík en óvíst hvort ungar hafi komist á legg. Sumarið áður sást gæs utar á eygni með unga en ekki vitað um hreiður. Komið mun hafa fyrir að gæs hafi verpt í hreppslandi, en ólíklegt að hún hafi fengið frið þar með egg sín“ (SS bréf).

1994: Grágæsir urpu ekki í eygni en í dagbók ÞÞ það ár segir að þann 29. maí hafi fimm grágæsir verið á túni við flugvöllinn og þann 27. júní hafi verið fjórar gæsir á tjörn neðan við túnið á Miðbæ. Nokkrum sinnum er líka minnst á að grágæsir hafi verið á flugi yfir eygni og þá sérstaklega í maí og júní.

2004: Þrjú pör urpu í eygni. Öll voru þau utan Ystabæjar. Tvö hreiður fundust úti undir Eyjarenda. Bæði voru þau með þremur eggjum. Þá var hreiður upp frá Altarinu en fuglinn flaug upp af löngu færi og hreiðrið fannst ekki.

2014: Fyrstu grágæsirnar sáust á flugi yfir eygni þann 4. apríl. Á tímabilinu 14.-30. maí fundust alls 12 grágæsarhreiður, þar af átta norðan Ystabæjar (8. mynd). Meðalfjöldi eggja var 5,7 (n=12, 4-7 egg). Fyrstu ungar sáust 31. maí. Í júní sáust nokkrum sinnum grágæsir

með unga utan Ystabæjar. Miðað við fjölda gæsa sem sáust á hinum ýmsu stöðum má áætla að um 25-30 pör hafi orpið í Hrísey vorið 2014.



8. mynd. Grágæsarhreiður í lúpínu í Hrísey. Ljós. Sverrir Thorstensen 14.05.2014

Grágæs hefur fjölgað verulega í Hrísey á síðustu 10 árum, úr þremur pörum 2004 í 25-30 pör 2014. Svipuð fjölgun átti sér stað í óshólmum Eyjafjarðarar milli árana 2000 og 2010 (Sverrir Thorstensen o.fl. 2011) og í Krossanesborgum milli 2003 og 2013 (Sverrir Thorstensen og Þorsteinn Þorsteinsson 2013)

Rauðhöfðaönd *Anas penelope*

1994: Alls voru 14 rauðhöfdaandarpör í eygni. Þá fundust 12 hreiður.

2004: 12 rauðhöfdaandarpör urpu í Hrísey. Sex hreiður fundust.

2014: Miðað við fjölda steggja sem sáust á tjörnunum í maí og byrjun júní má áætla að 17-20 rauðhöfdaandarpör hafi orpið í eygni. Alls fundust sex hreiður, flest í nágrenni tjarnanna norðan og sunnan syðri Miðbæjargirðingar. Eitt hreiðranna var upprifið. Meðaltal eggja var 7,4 (n=5, 5-9 egg). Þann 23. júní sáust tvær kollur með unga á Lambhagatjörn, önnur með sjö og hin með fimm (9. mynd).



9. mynd. Rauðhöfðaungar í Hrísey. Ljós. Þorsteinn Þorsteinsson 24.06.2013

Rauðhöfðaönd hefur fjölgað um 40-67% í Hrísey á síðustu 10 árum og er nú algengust af öndum í eyggi ef æðarfugl er undanskilinn. Mikil fjölgun varð einnig á árabílinu 2003 til 2013 í Krossanesborgum á Akureyri (Sverrir Thorstensen og Þorsteinn Þorsteinsson 2013). Andavarp í Hrísey fór vaxandi við gerð tjarna í Ystabæjarlandi og síðar í hreppslandinu og eins með vaxandi trjárækt. Algengustu hreiðurstæðin nú eru undir lágvöxnum greni- og lerkitrjám. Kollurnar fara iðulega með ungana á tjarnirnar þegar þær hafa leitt út.

Urtönd *Anas crecca*

Urtendur hafa eflaust orpið lengi í Hrísey. Þegar rjúpnarannsóknir stóðu yfir í eyggi á árunum 1963-1976 fundust oft urtandarhreiður en þau voru aldrei mörg (ÞÞ dagb.).

1994: Fimm urtandarpör urpu í Hrísey.

2004: Átta urtandarpör urpu í Hrísey.

2014: Átta til tíu pör urpu í eygni. Þrjú hreiður fundust á tímabilinu 15.-29. maí. Eitt var undir tré neðan við Miðbæjartjörn með átta eggjum. Annað var undir grenitré norðan Þríhólmatjarnar með níu eggjum. Hreiðrið var síðar rænt, sennilega af hrafn. Þriðja hreiðrið var vestan háeyjar sunnan girðingar og var það með 10 eggjum. Meðalfjöldi eggja var 9 (n=3, 8-10 egg). Vegna þess að urtendur eru mest á ferðinni á kvöldin var reynt að fylgjast með þeim sem best á þeim tíma dags en ekki sáust fleiri pör.

Stökkönd *Anas platyrhynchos*

1994: Alls urpu 10 pör í Hrísey.

2004: Alls urpu 11 pör í eygni og fundust hreiður sex þeirra.

2014: Miðað við fjölda steggja má gera ráð fyrir að varppörin hafi verið á bilinu 15-17. Eitt hreiður með sjö eggjum fannst rétt sunnan vitavegar 24. maí. Tvær kollur með unga sáust eftir miðan júní.

Fjöldi stökkanda stóð í stað milli 1994 og 2004, en þeim fjölgaði um 36-54% frá 2004 til 2014. Umtalsverð fjölgun varð í óshólmum Eyjafjarðarár á árabilinu 2000 til 2010 (Sverrir Thorstensen o.fl. 2011)

Grafönd *Anas acuta*

1994: Einn grafandarsteggur sást á tjörn í landi hreppsins 3. og 5. júní. Þar skammt frá fannst hreiður en steggurinn sást ekki upp frá því. Einnig fannst hreiður skammt ofan við Miðbæjartjörn og 24. júlí var grafandarkolla með átta unga á tjörninni. Ekki sáust fleiri grafendur svo álíta verður að tvö grafandarpör hafi orpið í eygni árið 1994.

2004: Tvö grafandarpör voru í eygni. Grafandarsteggur sást af og til á tjörn sunnan Miðbæjargirðingar og kolla sást nokkrum sinnum á Miðbæjartjörn en hreiður fundust ekki.

2014: Einn grafandarsteggur sást nokkrum sinnum á Miðbæjartjörn í seinni hluta júní (US). Það verður því að telja líklegt að eitt grafandarpör hafi orpið í Hrísey árið 2014.

Skúfönd *Aythya fuligula*

1994: Ein skúfandarkolla var á tjörn neðan vegar í Miðbæjarlandi í byrjun júní og 20. júlí var skúfönd með sjö unga á sömu tjörn. Eitt skúfandarpör hefur því verið í Hrísey árið 1994.

2004: Um miðjan maí voru tveir skúfandarsteggir á Lambhagatjörn. Þeir sáust þar næstu daga, stundum einn og stundum tveir. Þann 26. maí var skúfandarkolla með þeim á tjörninni. Af og til sást einn skúfandarsteggur á Miðbæjartjörn. Álíta verður því að þrjú skúfandarpör hafi orpið í Hrísey árið 2004.

2014: Við áætlum að 10-12 skúfandarpör hafi orpið í Hrísey og byggir sú tala á fjölda para og steggja á tjörnum eyjarinnar. Tvær kollur sáust með unga 23. júní. Önnur þeirra var með 7 unga á Lambhagatjörn en hin með unga sem földu sig í gróðri á tjörn sunnan syðri Miðbæjargirðingar.

Skúfönd hefur fjölgað umtalsvert í Hrísey frá 1994, úr einu pari í 10-12 pör 2014. Evrópustofn skúfandar er talinn vera í hægfara hnignun en ekki er vitað um stofnþróun hér á landi (GAG og KHS 2012).

*Æður *Somateria mollissima**

Æðarvarp hefur gengið upp og niður í Hrísey í gegn um tíðina. Í jarðabók Árna og Páls frá 1712 stendur skrifað: „Eggver að æðifugli hefur að fornu verið að góðu gagni, en fór smám saman til rýrðar og nú ekkert í 20 ár eður lengur“ (bls.98).

Á árunum milli 1920 og 1930 var hlúð að æðarvarpi í Hrísey þótt það hafi ekki verið mikið. Björn Jörundsson, sem fengið hafði fimmtung af Syðstabæjarlandi í móðurarf og Páll Bergsson sem keypti fjóra fimmtu af Syðstabæjarlandi af Jóhannesi Davíðssyni og Margréti Jörundsdóttur nytjuðu æðarvarpið sem á þessum tíma var mest umhverfis Hólmatjörn. Ekki var varpið mikið en jókst þó heldur á tímabilinu. Stranglega var bannað að tína æðaregg, en kríuegg fengust tínd upp á helmingshlut hjá Páli, en Björn var á móti allri eggjatínslu og leyfði aldrei slíkt. Ekki er vitað hve mikið fékkst af dún á þessum árum, en það hefur sennilega ekki verið mikið því að lokum var hætt að hugsa um varpið.

Það var síðan aftur árið 1955 að Hríseyjarhreppur fékk Ólaf Sigurðsson frá Hellulandi í Skagafirði til Hríseyjar að kanna hvort ekki væri hægt að koma upp æðarvarpi í eygni. Í framhaldi af því voru sett upp flögg til að laða fuglana að, en það fór á sama veg og í fyrra skiptið að tilraunin lognaðist útaf. Meira þurfti til en setja upp mislit flögg til að æðarfuglinn flykkist til Hríseyjar. Enn varð bið á því að æðarvarp yrði arðvænleg búgrein í eygni (KP). Það var ekki fyrr en að Sæmundur Stefánsson keypti Ystabæjarland og síðar Miðbæjarland að æðarvarp tók að dafna í eygni. Í dagbók hans frá árinu 1961 segir að 3. júní hafi fundist 200 hreiður, en 29. júlí var búið að tína dún úr 300 hreiðrum. Þar segir líka að þriðjungur æðarvarpsins hafi eyðilagst í norðanhrið.

Æðarvarpið var dreift um allt Ystabæjarland og mikill tími fór í að leita að hreiðrum. Sæmundur lét því gera nokkrar tjarnir neðan vegar frá syðri Miðbæjargirðingu og út að Ystabæ til að freista þess að hæna fuglana að afmörkuðum svæðum. Hólar voru þaktir mislitum flöggum og skeljum var raðað á þúfnakolla. Vindrellur voru víða settar upp og á tjörnunum vöggðu gerfiblíkar. Á þessum tíma herjuðu svartbakar á æðarvarpið og margir ungar voru étnir af máfum. Til að stemma stigu við því voru máfarnir skotnir, t.d. 113 í landi Ystabæjar vorið 1961. Smátt og smátt óx æðarvarpið en á hafisárunum fyrir 1970 dró úr vexti þess, þannig að fleiri umhverfisþættir en máfar stjórnuðu framgangi æðarvarpsins. Þann 20. júní 1968 skrifaði Finnur Guðmundsson fuglafræðingur í dagbók sína að fjöldi æðarhreiðra í Ystabæjarlandi væri líklega vart fleiri en 500 og dúntekja ætti að verða átta til níu kg eftir sumarið. Hann var í engum vafa um að varpið væri minna en verið hafði vegna slæms árferðis eins og hafisreks og síðan mikils brims við eyjuna. Æðarvarpið hélt áfram að dafna og árið 1987 voru um 2500 hreiður í Ystabæjarlandi.

Í landi Hríseyjarhrepps hafði lítið verið hugsað um æðarvarpið. Eftir að 5 tjarnir voru gerðar uppi í vesturhlíð eyjunnar árið 1987 óx æðarvarp í námunda við þær. Þegar æðarvarp var nytjað í hreppslandinu á árum áður var þéttasta varpið í kring um Hólmatjörn, en hún þornaði upp að mestu í Dalvíkurjarðskjálftanum 1934 og hefur verið lítil síðan. Vorið 1989 var farið að leita skipulega að hreiðrum í landi hreppsins.

Og enn komu komu vond veður. Vorið 1992 rétt eftir að ungarnir voru komnir á sjóinn gerði gífurlegt brim í Hrísey. Flestir æðarungar börðust til bana í fjörunum. Vorið 1993 misfórst varpið í vorhreti (SS dagb.).

1994: Vegna vorhrets tvö ár í röð fækkaði æðarhreiðrum í Ystabæjarlandi og voru þau 2500. Í landi hreppsins fundust 235 hreiður. Ekki var nema lítið leitað að hreiðrum ofan vegar og ekkert uppi á háeynni og ofan Löngumýrar, en þar var strjálíngur af hreiðrum. Það er því ekki fjarri lagi að í hreppslandinu hafi verið um það bil 400 hreiður. Samtals voru 2900 æðarhreiður í Hrísey árið 1994, sem er ekki svo lítið þegar lítið er til ársins 1961 þegar 300-400 hreiður voru á allri eyggi.

2004: Um miðjan maí voru aðeins komnir örfáir æðarfuglar á varpstöðvarnar. Tvö þör voru á Miðbæjartjörn og eitt þar var í móunum austan flugvallar. Dagana þar á eftir fjölgaði æðarfuglum ört uppi á eyggi (10. mynd). Samkvæmt upplýsingum frá ÚK voru 2730 hreiður í landi Ystabæjar á árinu 2004 og hafði þeim þá fækkað um 80 frá árinu áður.



10. mynd. Æður í Miðbæjarlandi í Hrísey. Ljós. Sverrir Thorstensen 28.05.2012

Varpið gekk vel en kollurnar urpu á misjöfnum tíma þannig að hreiðurleit stóð lengur yfir en oft áður. Dúntekja gekk vel enda var veðrið frábært í Hrísey um sumarið eins og víðast hvar á landinu. Samkvæmt upplýsingum frá Kristni F. Árnasyni (KFÁ) sem sér um æðarvarpið í hreppslandinu fundust þar 310 hreiður árið 2004. Þar var aðalvarpið eins og áður við flugvöllinn og svo uppi í vesturhlíðum eyjarinnar. Samtals hafa því verið 3040 æðarhreiður í Hrísey á árinu 2004.

2014: Alls voru 1900 hreiður í Ystabæjarlandi, sem er fækkun um 350 hreiður frá fyrra ári er þau voru 2250 (ÚK). Í landi Akureyrarbæjar fundust 286 hreiður. Þar var þéttasta varpið sunnan Miðbæjargirðingar og umhverfis Hólmatjörn. Smávegis var gengið um vesturhlíðarnar, en KFÁ áætlar að nær 400 hreiður hafi verið á allri suðureynni árið 2014. Fyrstu ungar sáust á Kollutjörn 31. maí. Samtals voru rétt um 2300 æðarhreiður í Hrísey á árinu 2014. Í byrjun júlí gerði mikið vatnsveður og hvassviðri með miklu brimi við ströndina. Þá drápu flest allir æðarungar er komnir voru á sjóinn, en þeir börðust til bana við fjörurnar.

Lítil breyting varð á milli árána 1994 og 2004. Vorið 2014 hafði fækkað um 740 pör frá talningunni 2004 (24% fækkun).

Toppönd *Mergus serrator*

1994: Þann 12. júní voru 12 toppendur á sjónum á milli Stóra-Bola og Hvatastaða. Daginn eftir var þar enginn fugl svo líklegt er að þessar endur hafi farið til annarra varpstöðva. Fimm toppandarpör voru í Hrísey vorið og sumarið 1994. Fjögur hreiður fundust. Hreiðrin voru á eftirtöldum stöðum: Norðan fjárhúsatóftar á Miðbæ. Milli girðinga, rétt ofan vegar út í Ystabæ. Í trjálundinum á milli girðinga og uppi á hæðinni austur af Þríhólma

2004: Við áætlum að átta til tíu pör hafi orpið í eygni. Unnur á Ystabæ fann tvö hreiður undir trjám sunnan Lendingarinnar á Ystabæ (US).

2014: Alls voru sjö toppandarpör verpandi í Hrísey sumarið 2014. Ýmist sáust pörin á tjörnum eða á sjónum umhverfis eyjuna. Eitt hreiður fannst við Lindina utan Ystabæjar 20. júní (US). Kollan var mjög gæf og var ekki hrakin af hreiðrinu.

Rjúpa *Lagopus muta*

Þótt Hrísey sé þekkt fyrir mikið fuglalíf ber rjúpunna hæst. Hún er jafnframt í merki eyjarinnar. Árið 1930 var rjúpan friðuð samkvæmt samkomulagi eyjarbúa án allra bókana þar að lútandi (KP). Fyrr á árum voru stundaðar umfangsmiklar rannsóknir á rjúpum í Hrísey og þar er eitt þéttasta varp hennar á landinu þegar stofninn er í hámarki. Talningar fóru fram árlega á körrum á vorin á árunum 1963-1976. Árið 1983 voru talningar teknar upp að nýju í Hrísey og hafa þær verið árlega síðan. Frá því að talningar hófust aftur hefur fjöldi karra í Hrísey farið mest upp í 270 árið 1986 (Ólafur K. Nielsen 1999).

1994: Stofninn virtist vera að rétta úr kútnum eftir að hafa verið í lægð, því 103 karrar vörðu ódul í eygni. Fleiri kvenfuglar voru einnig á hvern karra en áður. Alls fannst 31 hreiður með alls 345 eggjum. Meðaltalið var því 11,1 egg í hreiðri. Nær undantekningarlaust komu ungar úr öllum eggjum svo klakárangur var góður. Margar rjúpur voru teknar á hreiðrum og merktar af Ólafi K. Nielsen. Eins voru karrar og ungar merktir í þorpínu síðast í september. Kvenfuglarnir virtust þá vera farnir til fjalla. Mjög lítið kom af fálka til fæðuöflunar í Hrísey þetta vor og sumar þannig að flestir karrar voru enn á svæðum sínum þegar ungar fóru að koma úr eggjum. Það var nokkuð óvenjulegt frá fyrri árum.

2004: Alls voru 88 karrar í Hrísey. Lægð var í rjúpnastofninum en hann rétti úr kútnum aftur ári síðar.

2014: Alls voru karrar í Hrísey 91 talsins og er það fjölgun um 17 karra (23%) frá 2013. Talsverður snjór var enn í eygni þegar talningar hófust 12. maí og víða mikill inni í trjáreitum. Alls fundust sjö heiður á tímabilinu 22. maí til 9. júní. Meðalfjöldi eggja var 9,9 (n=7, 5-12 egg). Fjögur þessara hreiðra voru í grennd við veginn út í Ystabæ. Þegar rjúpunar hófu varp voru lúpína, ætihvönn og skógarkerfill lítið farin að vaxa, en það átti eftir að breytast og brátt voru hreiðrin komin í kaf í þennan mikla gróður sem var um og yfir 160-170 cm á hæð. Rjúpunar fjórar yfirgáfu hreiðrin sem þær voru farnar að liggja á (sjá mynd á forsíðu). Hugsanlegt er að þær hafi orpið aftur. Þetta hefur líklega gerst víðar um eyjuna þar sem rjúpur urpu í þessum hávaxna gróðri. Í byrjun ágúst voru rjúpur með nýklakta unga á ferðinni ofan við þorpið sem bendir til annars varps. Fjórar rjúpur voru teknar á hreiðrum og merktar (11. mynd).



11 . mynd. Þessi rjúpa í Hrísey fékk merkið 44850. Ljós. Þorsteinn Þorsteinsson 09.06.2014

Tjaldur *Haematopus ostralegus*

Finnur Guðmundsson fuglafræðingur skrifaði í dagbók sína 30. maí árið 1963. „Tjaldur er óþekktur í eygni og fuglaglökkir eyjarskeggjar vita ekki hvaða fugl þetta er“ (FG dagb.). Sumarið 1966 var í fyrsta sinn vitað til þess að tjaldur hafi orpið í Hrísey. Þá fannst eitt varppar við flugvöllinn og aftur árið eftir. (FG dagb.).

1994: Sjö pör með hreiður. Í hreppslandinu voru fimm pör og tvö í landi Ystabæjar. Eitt hreiður með þremur eggjum fannst.

2004: Níu pör með hreiður. Þá voru fimm pör í hreppslandinu og fjögur í landi Ystabæjar. Eitt hreiður með þremur eggjum fannst.

2014: Fyrstu tjaldarnir sáu 27. mars en þá sá Heimir Sigurgeirsson (HS) tvo tjalda við kirkjugarðinn. Alls voru níu tjaldapör í Hrísey á árinu 2014. Fjögur urpu í landi Akureyrar en fimm voru norðan við syðri Miðbæjargirðingu. Ekki var leitað að hreiðrum en þrjú fundust við sniðtalningar. Öll voru þau með þremur eggjum. Viku af júlí rákumst við á nær fleygan tjaldsunga stutt frá hreiðri í Miðbæjarlandi og var hann gripinn og merktur.

Sandlóa *Charadrius hiaticula*

1994: Fimm sandloupör urpu í Hrísey. Þann 2. júní fannst hreiður með einu eggjum í malarnámi rétt sunnan kirkjugarðsins en þar héldu sig tvö pör. Ekki höfðu egg bæst í hreiðrið sjöunda júní og var það talið afrækt. Síðar fundust tvö hreiður í sama malarnámi, bæði með þrem eggjum. Eitt par hélt sig við vatnspróna ofan Syðstabæjar og annað rétt sunnan við Þríhólma. Þá var eitt par utan Ytri Krossatóftarvíkur. Þrír stakir fuglar héldu til austarlega í þorpinu, ýmist á götunni við Hámundarstaði eða rétt hjá Hafnarvík. Einn stakur fugl var líka rétt ofan Duggarakletts. Auk varpparanna fimm voru fjórir stakir fuglar í Hrísey árið 1994.

2004: Fjögur sandloupör urpu í Hrísey. Eitt par var í malarnámunni sunnan við kirkjugarðinn og annað rétt neðan við veginn milli Akurs og Lambhaga. Þar fannst hreiður með þrem eggjum þann 23. maí. Þriðja parið var sunnan borholu fyrir heitt vatn á bakkanum fyrir utan Saltnes. Einnig var sandloupur við sundlaugina en það flutti sig austar á eyjuna að Hafnarvík þar sem það sást síðan af og til næstu vikurnar. Það var svo 15. ágúst að sandlóa sást þar á götunni með nýklakta unga. Ungarnir voru á þvælingi þarna á götunni í nokkra daga og virtust una hag sínum vel. Eftir 25. ágúst sáust þeir ekki á þessum slóðum, gætu hafa fært sig um set.

2014: Fjögur sandloupör urpu í Hrísey. Eitt par var við grjótnámuna austan við Stekkjarnef. Annað var í grjótnámunni neðan við Selaklöpp og þar fannst hreiður með fjórum eggjum. Það þriðja var í malarnámi neðan við Lambhaga og það fjórða var í sömu námu neðan við Akur. Voru oft talsverðir árekstrar á milli þessara para sem þarna voru í nágrenni hvort við annað.

Fjöldi verpandi sandlóa hefur lítið breyst undanfarin 20 ár eða lengur. Sæmundur Stefánsson skrifaði í dagbók sína árið 1960. "Nokkur pör verpa að jafnað í eygni" (SS dagb.).

Heiðlóa *Pluvialis apricaria*

1994: Þegar komið var til talninga 29. apríl voru heiðlóur komnar til eyjarinnar. Voru þær fjölmargar á Kambinum neðan við þorpið því snjór var yfir öllu uppi á eyinni. Þær leituðu á snjólausu bletti sem voru aðeins á örfáum stöðum á sjávarbökkum og í fjörum. Um mánaðamót maí og júní fundust fyrstu hreiðrin og voru þau öll með fjórum eggjum. Alls fundust 30 hreiður. Samkvæmt sniðtalningum voru alls 145 heiðloupör í Hrísey árið 1994. Þörin voru dreifð um alla eyna, en þau voru algengust í nágrenni þorpsins og vestantil á eyinni. Minna var um heiðlóur á háeyinni, á austurhlutanum og norðan Ystabæjar. Í byrjun ágúst voru flestar heiðlóur farnar en tvær þær síðustu sáust á háeyinni þann 10. september.

2004: Alls voru 174 heiðloupör í Hrísey. 13 hreiður fundust.

2014: Ein heiðlóa sást á túninu við Akur þann 10. apríl. Daginn eftir fór að snjóa og um kvöldið var kominn talsverður snjór og alla nóttina kyngdi niður snjó. Morguninn eftir var 15-20 cm snjór yfir öllu. Þann 23. apríl sást síðan hópur af heiðlóum á flugi úr suðri og inn yfir eyjuna. Þá var komið hið ágætasta veður. Alls fundust fjögur heiðlúuhreiður á tímabilinu 21. maí til 13. júní, öll með fjórum eggjum (12. mynd). Samkvæmt sniðtalningum voru 102 heiðloupör í Hrísey árið 2014.



12. mynd. Heiðlóuhreiður í Hrísey. Ljós. Þorsteinn Þorsteinsson 02.06.2014

Heiðlóu hefur fækkað um rúmlega 70 pör frá 2004 (41% fækkun), en um rúmlega 40 pör frá 1994 (30% fækkun).

Lóupræll *Calidris alpina*

Lóuprælar er ekki áberandi í fuglalífi Hríseyjar. Það er helst á haustin sem þeir sjást með heiðlóum sem farnar eru að undirbúa flug sitt til vetrarheimkynnanna. „Varla meir en þrjú pör í landareigninni“ (SS bréf).

1994: Lóuprælar héldu sig í fjörunum fyrst þegar þeir komu til eyjarinnar um vorið, enda var enn mikill snjór í eyjunni. Um 20. maí hafði snjó tekið upp að mestu og þá sáu lóuprælar í mómum uppi á ey. Alls voru 10 lóuprælsþör í Hrísey árið 1994.

2004: Sex lóuprælsþör urpu í Hrísey á árinu 2004. Þar var ofan götunnar upp af Stekkjarnefi. Annað var vestan Beinalágar og það þriðja var í mómum upp af Akri og sunnan flugvallar. Fjórða parið var upp af Beinalág. Fimmta parið var vestan háeyjar í Miðbæjarlandi og það sjötta í Ystabæjarlandi suður frá Hólmapolti.

2014: Þrjú lóuprælsþör urpu í Hrísey á árinu 2014. Eitt var austan flugvallar að norðan. Annað þar var rétt vestan vegar á mótis við gamlar svarðargrafir sem eru austan vegarins til Ystabæjar. Þriðja parið var neðarlega á Löngumýri.

Lóupræll hefur verið í stöðugri fækkun í Hrísey, úr 10 þörum 1994, í sex þör 2004 og síðan í þrjú þör 2014.

Hrossagaukur *Gallinago gallinago*

„Hrossagaukurinn verpir mjög víða. Lætur mikið yfir sér í háloftinu í tilhugalífinu, en er annars hógvær, þótt hann geri manni harla bilt við þegar hann flýgur hastarlega upp rétt við fætur manns“ (SS dagb.).

1994: Um vorið voru hrossagaukar komnir til Hríseyjar 29. apríl. Fyrsta hreiðrið fannst 23. maí og var það með einu eggi. Egg fundust síðast í hreiðri 26. júní. Alls fannst 81 hrossagaukshreiður, 42 sunnan syðri Miðbæjargirðingar og 39 norðan girðingar. Varpið var mjög þétt alls staðar nema austan háeyjar frá Stóra-Bola og útundir Melenda. Eins var varpið ekki eins þétt utan við Ystabæ. Samkvæmt útreikningum sniðtalninga voru 249 hrossagaukspör í Hrísey sumarið 1994. Um miðjan september voru enn nokkrir hrossagaukar eftir á víð og dreif um eyjuna.

2004: Alls fundust 48 hreiður, öll með fjórum eggjum nema tvö með tveimur ungum hvort. Samkvæmt útreikningum úr sniðtalningum voru 244 hrossagaukspör verpanði í Hrísey árið 2004.

2014: Fyrstu hrossagaukarnir sáust 21. apríl og daginn eftir voru víða um eyjuna hneggjandi gaukar yfir snjósköflunum. Þann 3. maí sást hrossagaukur sitjandi á þúfu sem var nýkomin í ljós upp úr snjónum. Það var svo 15. maí að fyrsta hreiðrið fannst. Var það á háeynni utan ytri girðingar. Fjögur egg voru í hreiðrinu. Síðan fóru hreiðrin að finnast hvert af öðru um alla eyjuna. Á tímabilinu 15. maí til 13. júní fundust alls 16 hreiður. Meðaltal eggja var 3,9 (n=16, 3-4 egg). Fyrstu ungar fundust í hreiðri 2. júní. Alls urpu samkvæmt sniðtalningum 146 hrossagaukspör í Hrísey á árinu 2014.

Fjöldi hrossagauka var svipaður 1994 og 2004 en mikil fækkun (40%) varð frá 2004 til 2014.

Jaðrakan *Limosa limosa*

Jaðrakan er nýlegur landnemi í Hrísey. Fyrstu fuglarnir sáust 23. maí árið 1972 en þá sáust tveir fuglar og er talið að eitt par hafi orpið í mýri norðvestur af Miðbæ (FG dagb.). Fyrsta hreiðrið fannst árið 1974 (SS dagb.). Árið 1984 voru fimm pör í eyinni og 1987 voru þau 15-20 (ÞÞ).

1994: Alls voru 35 jaðrakanpör í Hrísey, 18 í landi hreppsins og 17 í Ystabæjarlandi. Fjögur hreiður fundust, öll með fjórum eggjum. Í byrjun ágúst sáust jaðrakanar víða í eyinni en 12. ágúst voru þeir allir farnir.

2004: 57 jaðrakanpör urpu í Hrísey. Alls fundust 10 hreiður, fimm við svæðatalningar og fimm við sniðtalningar og þegar hugað var að öðrum fuglategundum.

2014: Fyrstu jaðrakanarnir sáust þann 22. apríl, en þá sá Heimir Áslaugsson (HÁ) átta fugla ofan við Miðbraut. Þann 25. apríl voru þeir komnir víða á varpstöðvarnar. Á tímabilinu 24. maí til 9. júní fundust alls sjö hreiður. Meðaltal eggja var 3,9 (n=7, 3-4 egg). Alls urpu 66 jaðrakanpör í Hrísey.

Jaðrakan heldur áfram að fjölga, úr 35 pörum 1994 í 57 pör 2004 og 66 pör 2014. Fjölgunin á þessu 20 ára tímabili er um 89%. Milli 1994 og 2004 var fjölgunin um 63% en 16% milli 2004 og 2014. Talningar á vetrarstöðvunum á Bretlandseyjum og í Frakklandi benda til stöðugar fjölgunar íslenskra jaðrakana síðustu 40-45 ár (GAG og KHS 2012).

Spói *Numenius phaeopus*

Spóar eru algengir varpfuglar í Hrísey, enda er víðáttumikið og fjölbreytt kjörlendi fyrir þá í eygni, allt frá lyngmóum háeyjarinnar að mýrum að vestan og sunnan. Þéttast er varpið í mýrarjöðrum og nærliggjandi þúfnastykkjum.

1994: Þegar talningar hófust 20. maí voru spóar eflaust komnir fyrir einhverjum dögum. Þá var allur snjór horfinn af hæðum og hólum en dældir voru fullar af snjó. Fyrsta hreiðrið fannst 2. júní og var það með einu eggi. Nokkrum dögum seinna voru fjögur egg komin í hreiðrið. Vanalega eru fjögur egg í hreiðri spóans (13. mynd), en eitt fannst með átta eggjum. Tvö pör voru á svæðinu og oft var mikið um að vera hjá fuglunum. Stundum var sem tveir fuglar væru á hreiðrinu sem var stutt frá veginum sunnan Miðbæjargirðingar. Mjög gott var að fylgjast með svæðinu úr bílnum. Oft þegar ég kom á staðinn og fór út úr bílnum flugu upp tveir fuglar á sama stað, en þeir höfðu verið í hvarfi á milli þúfnanna. En þess ber að geta að ég komst aldrei það nálægt að báðir fuglarnir sæjust á hreiðrinu, aðeins það að þeir flugu upp af sama staðnum. Stundum flaug bara einn fugl upp. Það komu aðeins fjórir ungar úr þessum átta eggjum (ÞÞ dagbók). Alls voru talin vera 147 spóapör í eygni.



13. mynd. Spóahreiður í Hrísey. Ljós. Þorsteinn Þorsteinsson 19.06.2013

2004: Alls voru 56 spóapör í Hrísey samkvæmt sniðtalningum. Alls fundust 13 hreiður. Meðaltal eggja var 3,8 (n=13, 2-4 egg).

2014: Fyrsti spóinn sást 5. maí (SK) en fyrsta hreiðrið fannst 20. maí og var það upp af Beinalág. Tvö egg voru í hreiðrinu. Alls fundust sex hreiður á tímabilinu 20. maí til 23. júní. Síðasta hreiðrið sem fannst var útleitt en í því voru fjórir eggjakoppar. Meðalfjöldi eggja var 3,7 (n=6, 2-4 egg). Alls urpu 64 spóapör í Hrísey sumarið 2014.

Örlítill fjölgun varð milli 2004 og 2014 eftir gífurlega fækkun milli talninganna 1994 og 2004.

Stelkur *Tringa totanus*

Stelkur hefur sennilega orpið í Hrísey um langan aldur. Hann er ófeiminn að láta í sér heyra þegar komið er nærri varpstað hans en mest ber á honum eftir að ungar eru skriðnir úr eggjum. Hann verpur í og við mýrlendi og því kemur ekki á óvart að varpið er þéttast vestan og sunnan til á eyinni. Tiltölulega fáir stelkar eru á háeyjunni eða austan við háeyjuna.

1994: Stelkar voru komnir til Hríseyjar síðast í apríl en þá var mikill snjór yfir mestallri eyjunni. Fuglarnir voru því mest í fjörum eða á þeim fáu blettum sem voru orðnir auðir. Um miðjan maí fór að hlána svo um munaði og upp úr því dreifðu stelkarnir sér á varpstöðvarnar. 44 stelkspör urpu í Hrísey árið 1994, 23 í hreppslandinu og 21 í landi Ystabæjar. 13 hreiður fundust, þar af voru ungar í þremur hreiðrum. Eggjafjöldi var í öllum tilfellum fjögur nema í einu hreiðri þar sem þau voru þrjú talsins.

2004: Við útreikninga úr sniðtalningum kom í ljós að 74 stelkspör urpu í Hrísey 2004. Níu hreiður fundust við svæðatalningarnar og síðan nokkur í viðbót þegar sniðtalningar og aðrar talningar á fuglum fóru fram.

2014: Fyrstu stelkarnir sáust 21. apríl á auðum bletti neðst á Löngumýri en snjór var enn talsverður uppi á eyinni. Þann 25. apríl hafði stelkunum fjölgað talsvert. Snjó hafði tekið upp að mestu en var samt dálítill í dældum og í trjáreitum. Eitt hreiður með fjórum eggjum fannst 4. júní. Alls var 31 par í Hrísey árið 2014.

Stelk fjölgaði úr 44 pörum í 77 pör milli 1994 og 2004, en hefur síðan fækkað niður í 31 par.

Óðinshani *Phalaropus lobatus*

Þessi litli kviki vaðfugl verpur á nokkrum stöðum á Hrísey aðallega í nágrenni við tjarnir og gamlar mógrafir.

1994: Fyrstu óðinshanarnir sáust um mánaðamótin maí og júní. Eitt par var á Hólmatjörn og annað var við Efri-Svarðargrafir ofan vegar út í Ystabæ. Þá var par á tjörn neðan við Biskupshalla, tvö á tjörn neðan túns á Miðbæ og eitt á Miðbæjartjörn. Samtals voru sex óðinshanapör í Hrísey á árinu 1994. Um 20. júlí voru óðinshanarnir horfnir af tjörnunum.

2004: Þann 20. maí voru tvö pör á Lambhagatjörn og voru það fyrstu fuglarnir sem sáust á þessu vori. Nokkru síðar voru þrjú pör á tjörninni norðarlega við flugvöllinn. Þá voru tvö pör á Miðbæjartjörn og eitt á tjörn neðan við Miðbæjartún. Þar var á tjörn ofan vegar í Miðbæjarlandi og eitt þar var á Ennistjörn. Samtals urpu 10 óðinshanapör í Hrísey á árinu 2004.

2014: Fyrsti óðinshaninn sást 15. maí en þá var einn fugl á Lambhagatjörn. Eitt þar var á Lambhagatjörninni. Á tjörninni í námunni sunnan við kirkjugarðinn var eitt þar og annað á tjörninni í Hafnarvíkurhólum. Þá voru þrír kvenfuglar á tjörninni við enda flugvallarins að norðan. Tveir kvenfuglar voru á lítilli tjörn sunnan Miðbæjargirðingar niður frá Miðbæjarhliðinu. Þar var á tjörn neðan túns á Miðbæ og að síðustu var þar á Ennistjörn í Ystabæjarlandi. Alls urpu 10 pör í Hrísey í ár.

Kjóí *Stercorarius parasiticus*

Kjóar verpa dreift í Hrísey. Þeir eru lítt félagslyndir og helga sér stór ódul. Kjóar hafa alltaf verið í eygni, stundum fleiri, stundum færri. Nokkur kjóapör voru til dæmis í Hrísey um 1930 (KP).

1994: Fjögur kjóapör urpu í Hrísey. Við litlu tjörnina efst á Löngumýri fannst hreiður með tveimur eggjum og komu ungar úr þeim báðum. Þann 21. júlí voru kjóarnir enn með ungana í nágrenni hreiðursins. Þá var hreiður með einu eggi norður af Trönuhól. Þann 21. júlí voru kjóarnir enn í nágrenni hreiðursins með ungann. Hreiður með einu eggi var vestan Háeyjarsteins. Þar voru kjóarnir líka í nágrenni hreiðursins með ungann þann 21. júlí. Fjórða parið var í Ystabæjarlandi austur undir Melum suðaustur af Hólmapalli. Hreiðrið fannst ekki. Aðeins eitt þessara para sást síðan 3. ágúst.

2004: Sjö verpandi kjóapör voru í Hrísey. Þann 15. maí var þar komið á varpstað efst á Löngumýri, en þar hafði ekki verið neinn fugl deginum áður. Báðir fuglarnir voru dökkir. Þann 30. maí fannst þar hreiður með tveimur eggjum. Sama dag fannst kjóahreitur með tveimur eggjum austan flugvallar. Báðir fuglarnir á því svæði voru dökkir. Þrjú pör urpu sunnan Miðbæjargirðingar á árinu 2004 en fjögur í Ystabæjarlandi.

2014: Fyrsti kjóinn sást þann 9. maí sunnan við Háaborð við göngustíginn vestan við Löngumýri. Var hann af ljósa litarafbrigðinu. Þann 12. maí var kjóapar komið á sinn gamla varpstað austan flugvallar. Voru báðir fuglarnir dökkir. Alls urpu sjö pör af kjóum í Hrísey árið 2014. Þrjú pör voru í Ystabæjarlandi og fjögur pör voru sunnan Miðbæjargirðingar. Ekki var leitað sérstaklega að hreiðrum nema hjá parinu efst á Löngumýri. Það fannst og voru tvö egg í hreiðrinu 2. júní. Þar voru kjóarnir enn á ferli 8. ágúst.

Hettumáfur *Larus ridibundus*

Vorið 1963 varp hettumáfur fyrst í Hrísey (FG dagb.). Síðan hefur gengið á ýmsu hjá honum. Sennilega var mest af hettumáfum í Hrísey árið 1973 en þá höfðu þeir lagt undir sig nokkur svæði í Ystabæjarlandi. Hettumáfur var lítið í hreppslandinu fyrr á árum. „Hettumáfurinn verpti fyrst hjá mér vorið 1965, og lét ég hann í friði, því Dr. Finnur Guðmundsson fuglafræðingur sagði mér að hann væri hinn þarfasti í æðarvarpi með því að verja það fyrir ágangi vargfugla. Gekk svo til vorsins 1973 og hafði hann þá lagt undir nokkur svæði og var orðinn all aðgangsharður. Einkum við kríuna, fældi hana burt frá sínu varpi og drap bæði unga þeirra og mófuglaunga. Tók ég þá að reyna að fæla hann burt og útrýma honum, og hefur það tekist að mestu með stöðugri vörn á hverju vori“. (SS bréf).

1994: Hettumáfar voru algengastir í hreppslandinu sumarið 1994. Flest pörin voru á hjalla og lægð austan Löngumýrar, eða alls 20 varppör. Sex pör voru vestan háeyjar allt að mýri austan Lambhaga. Þrjú pör voru rétt norðan girðingar í Ystabæjarlandi og eitt í Miðbæjarlandi nálægt sjó að vestan. Sex hreiður fundust, fimm með þremur eggjum og eitt með tveimur. Ekki var leitað skipulega að hreiðrum, enda auðveldara að telja fuglana sjálfa. Samtals voru 30 pör í Hrísey sumarið 1994.

2004: Mjög lítið var um hettumáfa í Hrísey á árinu 2004. Þann 26. maí voru tvö hettumáfspör í landi Einangrunarstöðvarinnar nyrst við girðinguna. Um mánaðamótin maí og júní var aðeins annað parið á þessum stað. Hettumáfshreiður með tveimur eggjum fannst í vesturhlíðum eyjarinnar, sunnan girðingar og ofan efri göngugarðs inni í kríuvarpi. Að lokum var eitt par ofan þorpsins norðaustur af gömlu vatnsþrónni. Það voru því aðeins þrjú til fjögur hettumáfspör í Hrísey á árinu 2004.

2014: Fyrstu hettumáfarnir sáust um mánaðamótin mars og apríl. Þá voru þrjú fuglar við höfnina. Þann 25. maí leituðum við hettumáfshreiðra í mounum milli efstu draga Hafnarvíkurhóls og Löngumýrar eftir að hafa talið fuglana úr fjarlægð. Fundum öll hreiðrin á þessu svæði en þau voru átta talsins. Fimm hreiður voru með þremur eggjum. Eitt hreiður var með tveimur eggjum og eitt með einu eggi. Eitt hreiðrið var tóm. Þann 2. júní voru fyrstu ungarnir að klekjast (14. mynd). Tvö pör voru rétt vestan Biskupshalla og fundum við þar eitt hreiður með þremur eggjum. Alls voru 10 hettumáfspör í Hrísey á árinu 2014.



14. mynd. Hettumáfsegg að klekjast í Hrísey. Ljós. Þorsteinn Þorsteinsson 02.06.2014

Hettumáfum fækkaði úr 30 varppörum í þrjú til fjögur milli 1994 og 2004, en fjölgaði síðan í 10 pör 2014. Á árunum 1990-2005 fækkaði hettumáfum í Eyjafirði úr 1709 pörum í 1085 pör (37% fækkun) en fjölgaði síðan frá 2005 til 2010 í 1462 pör (Ævar Petersen og Sverrir Thorstensen 2005 og óbirt gögn).

Stormmáfur *Larus canus*

Stormmáfur varp fyrst í Hrísey vorið 1970 (FG dagb.). Eitt par varp síðan í eygni á árunum 1971 til 1974. Árið 1980 voru tvö pör í Hrísey (Ævar Petersen og Sverrir Thorstensen 2004) og eitt til þrjú pör árlega á árunum 1983 til 1986, en 1987 voru þau orðin sex, öll við tilbúna tjarnir ofan vegar vestan við háey í hreppslandinu. Árið eftir voru einnig sex pör á sömu slóðum, en 1988 voru áætluð um 10 pör við sömu tjarnir. Enn fjölgaði 1989 en þá fundust 12-15 pör í eygni og 1990 voru 25-30 pör (Ævar Petersen og Sverrir Thorstensen 1994). Árið 1991 voru talin vera 26 pör. 24 þeirra voru í hreppslandinu vestan til á eygni og tvö í mýrinni neðan vegar í Miðbæjarlandi. Árið 1992 sáust 23 pör, átta utan Hólmatjarnar nálægt Miðbæjargirðingu en 15 uppi í hallinu vestan háeyjar frá Miðbæjargirðingu langleiðina suður að Beinalág. Árið 1993 töldust vera 30 varppör (ÞÞ dagb.).

1994: Alls urpu 28 stormmáfspör í Hrísey, öll í hreppslandinu. Þar af voru 23 pör sunnan girðingar í vesturhlíðum eyjarinnar. Fjögur pör voru við norðurenda flugvallarins og eitt par var ofan við Hafnarvíkurhól. Alls fundust sex hreiður og voru þrjú egg í hverju hreiðri. Þann 30. júlí voru stormmáfur farnir af varpstöðunum.

2004: Þann 15. maí voru um 70 stormmáfar komnir í vesturhlíðar eyjarinnar. Allir voru þeir sunnan girðingar. Daginn eftir voru um 90-95 stormmáfar á sama svæði. Einnig voru sex fuglar suður af Háeyjarsteini og aðrir sex við enda flugvallar að norðan. Fjórir fuglar voru við Lambhagatjörn og aðrir fjórir rétt norðan gamla flugvallarvegarins austan flugvallar. Þann 8. júní voru stormmáfar taldir. Í vesturhlíðum sunnan Miðbæjargirðingar voru 140 fuglar. Í Miðbæjarlandi vestan háeyjar voru sex fuglar. Við norðurenda flugvallar og innan girðingar Einangrunarstöðvar voru átta fuglar. Við Lambhagatjörn voru fjórir fuglar. Austan flugvallar og norðan gamla flugvallarvegar voru fjórir fuglar. Á Löngumýri voru tveir fuglar og á háeynni sunnan Háeyjarsteins voru fjórir fuglar. Alls eru þetta rétt um 170 fuglar. Við endurtókum talningarnar 24. júní og fengum þá samtals 202 fugla. Alls voru því 123 stormmáfspör í Hrísey sumarið 2004.

2014: Þrjú stormmáfspör voru komin í vesturhlíðar eyjarinnar þann 12. maí en daginn eftir voru þar rétt um 60 fuglar. Þann 15. maí voru tvö pör við norðurenda flugvallarins en í byrjun júní var aðeins annað þeirra með hreiður en hitt parið sást ekki. Um 40 fuglar voru við Biskupshalla 20. maí en sunnar voru fleiri fuglar sem sáust ekki allir frá talningarstað. Fyrsta hreiðrið fannst 23. maí uppi í vesturhlíðum eyjarinnar. Heildartalning var gerð 2. júní og þá voru alls 99 stormmáfspör á fimm svæðum:

- (1) Eitt par við flugvöllinn.
- (2) Sjö pör austan Löngumýrar (12 fuglar). Sex hreiður fundust.
- (3) Eitt par við Háaborð.
- (4) 85 pör (140 fuglar) í vesturhlíðinni norðan þorpsins og út að syðri Miðbæjargirðingu.
- (5) Fimm pör (8 fuglar) ofan vegar rétt utan við syðri Miðbæjargirðingu.

Fyrstu ungar klöktust 23. júní. Þann 8. ágúst sátu um 120-130 stormmáfar á sjávarbakkanum austan Löngumýrar bæði ungar frá sumrinu og fullorðnir fuglar.

Stormmáfur hefur verið í stöðugri fjölgun í Eyjafirði á síðustu áratugum, úr rúmlega 100 pörum 1980 í 660 pör 2010 (Sverrir Thorstensen og Ævar Petersen 2014). Fjölgun stormmáfs í Hrísey fylgir þessari þróun þó fækkun hafi orðið á milli talninganna 2004 og 2014.

Sílamáfur *Larus fuscus*

Sílamáfur er tiltölulega nýr fugl í fuglafánu Hríseyjar. Sæmundur Stefánsson á Ystabæ sagði að hann hefði fyrst orðið var við sílamáfa árið 1992 en ekki er vitað hvort þeir urpu í eyggi (munnl. uppl. 10.2 1995).

1994: Þrjú pör voru verpandi nálægt Merarvíkurtöngum norður af vitanum.

2004: Örfáir sílamáfar sáust í Melunum 17. maí. Þann 3. júní voru sex sílamáfar í Melendunum. Gera má ráð fyrir því að fjögur sílamáfspör hafi orpið í Hrísey á árinu 2004.

2014: Við töldum máfana í Melunum þann 14. maí. Alls voru um 60 sílamáfar og álíka margir silfur máfar skammt utan við Melenda (15. mynd). Svipaður fjöldi var 26. maí. Samkvæmt upplýsingum frá Úllu á Ystabæ voru 232 máfar skotnir vorið 2014 í Ystabæjarlandi og steipt var undan 125 máfum í Melunum, Bratta og Laugatöng. Eftir að máfar höfðu verið skotnir í eygunni og steipt hafði verið undan þeim voru þann 4. júní milli 55 og 60 máfar í Melunum.

Um helmingur þessara fugla voru sílamáfar, eða um 28-30 fuglar. Miðað við fjölda hreiðra sem voru eyðilögð og jafna skiptingu milli silfurmáfa og sílamáfa má gera ráð fyrir að 60-65 sílamáfshreiður hafi verið í Hrísey árið 2014.



15. mynd. Melarnir í Hrísey. Helsti varpstaður sílamáfa og silfurmáfa. Fýlar í klettunum. Ljós. Sverrir Thorstensen 14.05.2014

Sílamáfur stóð í stað milli talninganna 1994 og 2004 en fjölgaði síðan úr 4 pörum í 60-65 pör frá 2004 til 2014. Mikil fjölgun sílamáfa átti sér einnig stað á tveimur öðrum svæðum í Eyjafirði þar sem talningar hafa farið fram. Í Krossanesborgum fjölgaði úr 44 pörum í 66 pör á árunum 2003 til 2013 (Sverrir Thorstensen og Þorsteinn Þorsteinsson 2013) og í óshólmum Eyjafjarðarár fjölgaði sílamáfum úr einu pari 2005 í átta pör 2010 (Sverrir Thorstensen o.fl. 2011).

Silfurmáfur *Larus argentatus*

Silfurmáfar hafa líkast til byrjað að verpa í Hrísey eftir 1950. Árið 1979 voru fjögur verpandi pör, 1986 nokkur (ÞP dagb.).

1994: Ekki urpu margir silfurmáfar þetta árið í Hrísey eða alls 14 pör. Tvö pör urpu í grennd við Litla-Bola. Þrjú voru sunnan syðri Merarvíkurtanga og níu voru frá Laugakambatöng að

Eyjarenda. Stundum komu hópar silfur máfa (geldfuglar?) til Hríseyjar og sátu þeir þá oft í Melunum.

2004: Þann 17. maí voru máfarnir taldir í Melunum. Alls flugu upp 70 fuglar. Voru þeir utan Melenda. Silfur máfar voru í meirihluta og síðan sílamáfar og örfáir svartbakar. Þann 3. júní voru 62 máfar í Melunum og 11. júní voru þeir 36. Flestir af þeim voru silfur máfar, en örfáir sílamáfar. Þá höfðu verið eyðilögð 28 máfshreiður í Melunum. En alls var steipt undan 62 máfum. Skotnir voru 55 máfar. Það er líklegt að nálægt 35 silfur máfspör hafi orpið í Hrísey árið 2004.

2014: Fyrstu silfur máfarnir sáust í eyjunni 28. mars. Þann 22. apríl voru um 30 silfur máfar við höfnina. Silfur máfar voru taldir á sama tíma og sílamáfar. Miðað við jafna skiptingu þessara tveggja tegunda má gera ráð fyrir að 60-65 silfur máfspör hafi orpið í Melunum. Auk þess kom eitt silfur máfspör upp ungum sunnan Stóra-Bola.

Silfur máf hefur fjölgað jafnt og þétt í Hrísey á síðustu 20 árum, úr 14 pörum 1994 í 60-66 pör 2014. Í Krossanesborgum á Akureyri fjölgaði silfur máfum úr 16 pörum 1998 og 2003 í 71 par 2014 (Sverrir Thorstensen og Þorsteinn Þorsteinsson 2013). Þessi fjölgun er í samræmi við stofnþróun silfur máfs eins og hún birtist í talningum að vetrarlagi (GAG og KHS 2012).

Svartbakur *Larus marinus*

Verpandi svartbökkum hefur fækkað í Hrísey frá því um 1960 eða frá því Sæmundur Stefánsson hóf að hlúa að æðarvarpi á Ystabæ. Svartbaksvarp var þá talsvert, sérstaklega norðan Ystabæjar og álitin vera hundruð varppara. Svartbakar voru taldir skæðir í því litla æðarvarpi sem þá var og aðgerða talið þörf. Því var farið út í herferð gegn þeim þar sem eiturefnið strycknín var sett í hænuegg á svæði því er þeir urpu mest utan Ystabæjar.

1994: Áður en farið var að skjóta máfa í Melunum um vorið voru tvö pör við Stóra-Bola. Eitt par var sunnan Melenda og átta frá Melendum að Laugakambatöng. Eitt par var milli Laugakambatengur og Eyjarenda. Þá var eitt par við Litlu Sandvík. Þetta er svipaður fjöldi og hefur verið undanfarin ár. Alls voru 13 svartbakspör í Hrísey á árinu 1994.

2004: Dagana 17.-21. maí voru máfar taldir í eyinni. Þá hafði ekki verið farið í herferð gegn máfunum vegna æðarvarps í Ystabæjarlandi. Fjögur svartbakspör voru við Melenda, fimm pör við Brattarana og tvö við Eyjarenda. Þá var eitt par við Krossatóft. Samtals voru 12 pör í Ystabæjarlandi. Eitt par var við Stóra-Bola og kom það upp ungum. Alls voru 13 svartbakspör í Hrísey árið 2004.

2014: Þann 27. mars var einn svartbakur á flugi milli Horns og Stóra-Bola. Þann 4. apríl var par á flugi á svipuðum slóðum. Þann 14. maí voru tvö svartbakspör norður af Melendum í hópi silfur máfa og sílamáfa. Þann 15. júní var svartbakspör á sama stað og fyrr um vorið við Stóra-Bola. Að síðustu var par á sjávarbakka við Krökuvík. Þar fannst hreiður með þremur eggjum. Af þessu má áætla að fjögur svartbakspör hafi orpið í Hrísey árið 2014.


Svartbakur stóð í stað milli talninganna 1994 og 2004, 13 pör hvort ár. Nú voru fjögur pör verpandi í eygni. Samkvæmt talningum að vetrarlagi hefur svartbak fækkað verulega hér á landi frá því um 1970 (GAG og KHS 2012).

Kría *Sterna paradisaea*


Sumum Hríseyingum finnst vorið koma með kríunni en öðrum finnst lóan boða vorkomuna. Á vorin kemur krían oftast til Hríseyjar á tímabilinu 9.-12. maí og fer aftur í byrjun ágúst (SS dagb.). Í jarðabók Árna og Páls frá árinu 1712 segir að eggver hafi verið að góðu gagni af kríu til forna, en horfið smám saman og ekkert í 20 ár eður lengur. Margt breytist á skemmri tíma en tæpum þrem öldum og sumarið 1994 var stærsta kríuvarp landsins í Hrísey (Ævar Petersen 1998).

1994: Kríur urpu á 12 aðskildum svæðum í Hrísey (16. mynd), alls um 25.000 pör. Þann 24. og 25. júní gerði mikla rigningu og kulda. Þá voru ungar að klekjast úr fyrstu hreiðrunum og drápu margir þeirra. Þetta var þó ekki nema brot af þeim gífurlega fjölda unga sem komu úr eggjum eftir þetta. Eftir 25. júní 1994 gerði einmuna gott veður og nóg var um æti. Var það ljósáta þetta sumarið en ekki síli eins og verið hefur sum árin. Þá hurfu flestar kríur úr eygni 26. og 27. júlí og sáu stöðugt eftir það.

2004: Þann 12. maí voru fyrstu kríurnar komnar til Hríseyjar. Enn voru þær ekki farnar að fara upp á eyjuna þar sem enn var talsverður snjór í dældum en frá 18. maí sátu nokkrar kríur í hallinu upp af Þríhólmatjörn. Síðar sama dag komu hópar inn yfir eyjuna. Þann dag má segja að þær hafi fyrst komið í eyjuna að einhverju ráði. Þann 30. og 31. maí merktum við öll kríuvörp í Hrísey inn á kort og töldum jafnframt fuglana á öllum svæðunum nema fjórum þeim stærstu. Þar var beitt talningum á hreiðrum á sniðum eftir 20. júní. Sumarið 2004 urpu kríurnar á 12 aðskildum svæðum (17. mynd). Alls voru 17500 varppör í Hrísey sumarið 2004.



16. mynd. Varpsvæði kríu í Hrísey 1994



17. mynd. Varpsvæði kríu í Hrísey 2004

2014: Fyrsta krían sást 5. maí (SK). Var þar aðeins einn fugl á ferð. Þann 9. maí sást hópur af kríum sem komu innan fjörðinn og flugu upp á eyjuna. Þann 13. maí komu stórir hópar af kríum innan fjörðinn og flugu áfram inn yfir eyjuna. Þann 25. maí fundum við fyrsta kríuhreiðrið og var það með tveimur eggjum sem bendir til þess að varp hafi byrjað einum til tveimur dögum fyrr. Kríuvörpin voru kortlögð 5. og 6. júní.. Alls voru kríur verpandi á 17 aðskildum svæðum (18. mynd). Talningar fóru fram dagana 9., 12. og 13. júní. Þann 12. júní




18. mynd. Varpsvæði kríu í Hrísey 2014. Snið í fjórum stærstu byggðunum sýnd.

Loftmynd: Loftmyndir ehf.

voru fyrstu kríuungarnir farnir að brjóta á eggjum, en það sáum við í þremur hreiðrum. Alls fundust 622 hreiður með eggjum við sniðtalningar í fjórum stærstu vörpunum. Meðalfjöldi eggja var 2,0 (n=622, 1 til 3 egg). Auk þess voru 34 tómar hreiður á svæði númer 16 sem var talið 9. júní, sem bendir til þess að kríurnar hafi ekki verið fullorpnar þann dag.

Á 19. mynd er sýndur samanburður á fjölda eggja í hreiðrum í fjórum stærstu byggðunum.



19. mynd. Samanburður á fjölda eggja í kríuhreiðrum á talningarsvæðum númer 1, 2, 12 og 16 í Hrísey 2014. Bókstafirnir a, b, c og d sýna marktækan mun milli svæða (Kruskall-Wallis test, $H_{(3, N=614)} = 4,37196$; $p = 0,2240$)



20. mynd. Kríuungi í Hrísey. Ljós. Þorsteinn Þorsteinsson 27.06.2014

Þegar hugað var að kríuvarpinu 23. júní sáum við bæði dauða og lifandi unga (20. mynd). Eins voru ungar að koma úr eggjum. Ef til vill er fæðuskortur ungadeaðanum að kenna því veður var gott allan júnímánuð. Það gerði síðan hið versta veður dagana 3.- 5. júlí. Verst var veðrið 4. júlí, gífurleg rigning og hvasuviðri. Brim varð eins og um hávetur. Þegar hugað var að kríuungum eftir þetta veður var ömurlegt um að litast. Dauðir ungar voru um allt varpsvæðið. Sumir lágu í vatni á milli þúfna en aðrir voru afvelta uppi á þúfunum. Allar kríur voru horfnar utan ein og ein sem flaug yfir. En svo hurfu þær líka innan fárra daga. Allar fjörur voru hvítar af kríum, bæði austan og vestan þorpsins. Ég var oft að horfa yfir þessa hópa þangað til þær hurfu úr eyggi upp úr miðjum júlí. Sá aðeins þrjá unga þetta sumarið komna niður í fjöruna.

Miðað við tölur úr litlum vörpum þar sem kríur voru taldar og úr sniðtalningum þar sem hreiður voru talin má áætla að alls hafi 9800 kríupör orpið í Hrísey árið 2014 (2. tafla).


Kría á greinilega undir högg að sækja. Stærsta kríuvarp landsins árið 1994 (Ævar Petersen 1998) minnkaði úr 25000 pörum í 17500 pör 2004 og síðan í 9800 pör 2014. Í Krossanesborgum á Akureyri var lítið kríuvarp með mest 178 pörum vorið 2003. Þar fækkaði í 68 pör 2008 en vorið 2013 var varpið horfið (Sverrir Thorstensen og Þorsteinn Þorsteinsson 2013).

2. tafla. Kría í Hrisey 2014. Útreikningur á fjölda para. Svæðisskipting er sýnd á 18. mynd.

Númer	Dags.	Fuglar	Flatarmál	Fjöldi	Lengd	Flatarmál	Hreiður	Útreikningur	Pör
svæðis			svæðis	sniða	sniða	sniða	á sniðum		
			m ²		m	m ²			
1	13.6.		27720	10	1312	2624	87	87/2624 x 27720	919
2	13.6.		74050	15	3001	6002	155	155/6002 x 74050	1912
3	13.6.	52						52 x 0,7	36
4	13.6.	120						120 x 0,7	84
5	13.6.	34						34 x 0,7	24
6	13.6.	66						66 x 0,7	46
7	13.6.	72						72 x 0,7	50
8	13.6.	140						140 x 0,7	98
9	13.6.	58						58 x 0,7	41
10	13.6.	32						32 x 0,7	22
11	12.6.	42						42 x 0,7	29
12	12.6.		116217	16	3775	7550	172	172/7550 x 116217	2648
13	12.6.	62						62 x 0,7	43
14	12.6.	54						54 x 0,7	38
15	12.6.	40						40 x 0,7	28
16	9.6.		176210	18	5679	11358	242	242/11358 x 176210	3754
17	9.6.	40						40 x 0,7	28
								ALLS :	9800

Teista *Cepphus grylle*

Nokkuð er um teistur í Hrísey, en þær eru dreifðar og mynda hvergi stórar byggðir. Erfitt er að telja teisturnar á varpstöðvum sínum því fjöldi þeirra breytist mikið yfir daginn og sumarið. Strandlengjunni var skipt niður í 8 talningarsvæði (21. mynd). Talið var þrisvar sinnum árið 1994, fjórum sinnum árið 2004 og þrisvar sinnum árið 2014. Hver talning tók heilan dag. Gerður var greinarmunur á árgömlum og eldri fuglum en teistur er unnt að greina í sundur í þessa tvo aldursflokka.



21. mynd. Talningarsvæði teistu í Hrísey 1994, 2004 og 2014

1994: Í fyrstu talningunni þann 12. júní sáust 172 fullorðnar teistur og 11 árgamlar. Í annarri talningu 23. júní sáust 135 fullorðnar og 38 árgamlar. Síðasta talningin fór fram þann 4. júlí. Þá töldust vera 148 fullorðnar teistur og 54 árgamlar. Meðaltal þessa þriggja talninga eru 152 fullorðnar og 46 ungar teistur. Samkvæmt útreikningi þessa þriggja talninga urpu 66 teistupör í Hrísey árið 1994.

2004: Teistur voru taldar fjórum sinnum um sumarið. Fyrst var talið dagana 3. og 4. júní. Þá sáust 304 fullorðnar og 56 árgamlarr teistur. Næst var talið 11. júní. Þá voru fullorðnu fuglarnir 242 talsins og 42 árgamlir. Þriðja talning fór fram 28. júní. Fullorðnir fuglar voru 195 og 40 árgamlir. Síðasta talningin á teistum í Hrísey á árinu 2004 var þann 7. júlí, en þá voru fullorðnar teistur 224 og árgamlar 21. Samkvæmt útreikningi úr þessum fjórum talningum er talið að alls hafi 105 teistupör orpið í Hrísey á árinu 2004.

2014: Fyrsta hringferðin var farin til að telja teistur þann 4. júní. Þá sáust alls 411 fullorðnar og 15 árgamlar (22. mynd). Önnur talning fór fram 15. júní. Þann dag sáust 357 fullorðnar og nú voru þær árgömlu aðeins fimm talsins. Þriðja og síðasta talningin fór fram 10. júlí. Nú voru taldar 367 fullorðnar teistur, en ekki var nein árgömul að þessu sinni. Alls sást 31 fugl með æti. Flestar þeirra voru með sprettfisk en einnig sást marhnútur. Alls voru 164 teistupör verpandi í Hrísey sumarið 2014. Í 3. töflu eru sýndar niðurstöður talninganna 1994, 2004 og 2014



22. mynd. Teistur við Hrísey. Ljósm. Þorsteinn Þorsteinsson 15.06.2014

Teista er í sókn í Hrísey og hefur varppörum fjölgað úr 66 í 164 á 20 ára tímabili frá 1994 til 2014. Fjölgun teistu í Hrísey er merkileg fyrir þær sakir að víða annars staðar á landinu hefur teistum fækkað m.a. í Flatey á Skjálfanda (Ævar Petersen 2010).

3. tafla. Talningar á teistum 1994, 2004 og 2014 í Hrísey. Meðaltal fullorðinna fugla hvers árs notað til útreiknings á fjölda varppara. Ársgamlir fuglar innan sviga.

Svæði, sbr. 21. mynd: 1: Bjarg - Stóri-Boli, 2: Stóri-Boli – Borgarbrík, 3: Borgarbrík – Viti, 4: Viti – Laugakambur, 5: Laugakambur – Eyjarhali, 6: Eyjarhali – Altari, 7: Altari – Merkines, 8: Merkines - Saltnes

Númer	12.6.94	23.6.94	4.7.94	3.-4.6.04	11.6.04	28.6.04	7.7.04	4.6.14	15.6.14	9.7.14
svæðis										
1	42 (11)	35 (9)	39 (10)	37 (7)	69 (16)	42 (18)	48 (6)	73 (3)	41 (0)	13 (0)
2	16 (4)	12 (5)	12 (5)	17 (3)	16 (5)	22 (6)	26 (1)	19 (0)	22 (0)	9 (0)
3	34 (12)	26 (9)	24 (14)	77 (19)	74 (9)	56 (8)	57 (5)	67 (3)	79 (3)	52 (0)
4	32 (8)	25 (7)	28 (12)	35 (6)	17 (2)	23 (3)	16 (0)	37 (2)	33 (0)	19 (0)
5	12 (3)	7 (1)	8 (3)	54 (12)	11 (1)	7 (0)	5 (0)	32 (1)	19 (0)	8 (0)
6	17 (5)	14 (4)	19 (5)	26 (3)	19 (2)	12 (1)	23 (3)	25 (0)	34 (0)	49 (0)
7	19 (4)	16 (3)	18 (5)	51 (6)	34 (7)	32 (4)	48 (6)	137 (6)	118 (2)	191 (0)
8	0 (0)	0 (0)	0 (0)	7 (0)	2 (0)	1 (0)	1 (0)	21 (0)	16 (0)	26 (0)
ALLS:	172 (47)	135 (38)	148 (54)	304 (56)	242 (42)	195 (40)	224 (21)	412 (15)	362 (5)	367 (0)
M fullu.		152			241				380	

Þúfutittlingur *Anthus pratensis*

1994: Samkvæmt snið- og svæðatalningum í Hrísey árið 1994 var talið að 40 þúfutittlingspör hefðu orpið í eygni.

2004: Samkvæmt sniðtalningum í Hrísey voru 232 þúfutittlingspör eygni.

2014: Fyrsta þúfutittlingshreiðrið fannst 2. júní og voru fimm egg í hreiðrinu. Alls fundust fjögur hreiður, þrjú þeirra með fimm eggjum og eitt með 5 ungum. Samkvæmt sniðtalningum voru 100 þúfutittlingspör í Hrísey árið 2014.

Miklar sveiflur hafa orðið í fjölda þúfutittlinga úr 40 pörum 1994 í 232 pör 2004 og síðan fækkun í 100 pör 2014.

Mariuerla *Motacilla alba*

Mariurlur verpa á nokkrum stöðum í Hrísey, aðallega í sjávarbökkum þar sem erfitt er að komast að hreiðrunum. Sæmundur Stefánsson á Ystabæ skrifar í dagbók á upphafsárum sínum í eygni: „Frekar fátt um hana. Sést stundum heima við bæ, en þó helst þegar hún kemur síðsumars með ungana svona til að sýna okkur þá“ (SS bréf).

1994: Alls fundust 13 pör á ódulum. Átta þeirra voru sunnan Miðbæjargirðingar og fimm í landi Ystabæjar. Tvö hreiður fundust, bæði með sex eggjum og komu ungar úr öllum eggjunum.

2004: Alls fundust 23 maríuerlupör í Hrísey. Sunnan Miðbæjargirðingar voru 12 pör og 11 pör voru utan girðingar.

2014: Ein maríuerla sást 3. maí (SK) og fyrsta parið sást 5. maí. Alls fundust 19 maríuerlupör í Hrísey árið 2014. Ellefu þeirra voru sunnan Miðbæjargirðingar og flest innan þorpsins. Átta voru í Ystabæjarlandi og nær öll í sjávarbökkum. Eitt hreiður tilbúið til varps fannst við sniðtalningar 26. maí.

Músarrindill *Troglodytes troglodytes*

1994: Ekki varð vart við músarrindla í Hrísey á árinu 1994.

2004: Músarrindlar sáust af og til í kringum Ystabæ um vorið og sumarið. Voru þeir á ferð og flugi, ýmist í trjánum niðri við Lendinguna eða í trjánum utan og ofan Ystabæjarhússins. 24. júlí flaug ungur músarrindill inn í vélarhúsið við Ystabæ. Flaug hann um í glugga hússins, þar sem hann náðist og var sleppt út aftur. Við gerum ráð fyrir því að eitt músarrindilspar hafi orpið í Hrísey árið 2004.

2014: Stakir músarrindlar voru bæði við austustu húsin í eygni og inni í þorpinu yfir vetrarmánuðina en ekki sást nema einn fugl í einu. Um mánaðamótin maí og júní sást og heyrðist í syngjandi músarrindli í trjánum sunnan Ystabæjar við vitavegin. Einnig var syngjandi músarrindill í trjäreitnum sunnan við Lendingu. Ekki fundum við hreiður en áætlað er að tvö músarrindilspar hafi orpið í Hrísey vorið 2014.

Steindepill *Oenanthe oenanthe*

1994: Ekki varð vart við steindepla í Hrísey vorið 1994, en 2. ágúst sást stakur fugl við vatnsþróna rétt ofan byggðarinnar.

2004: Þrjú pör urpu í Hrísey árið 2004. Eitt par var við Einangrunarstöðina, annað við efri Löngumýrarhamra og það þriðja var á grjóthól upp af Stóra-Bola.

2014: Steindepilspar var þann 12. maí í grjóthrógu við innkeyrslu að flugvelli utan Saltness. Parið hélt til þarna um tíma en flutti sig síðan niður á sjávarbakkann þar fyrir neðan og sást þar af og til. Annað par var sunnan Háaborðs og sat karlfuglinn stundum á vörðu sem þar er (23. mynd). Þriðja parið var í melhólum upp af Hvatastöðum. Það voru því þrjú verpandi steindepilspar í Hrísey á árinu 2014.

Steindeplum hefur fækkað svo um munar frá fyrri árum. Í dagbók sinni frá árinu 1963 getur Finnur Guðmundsson þess að steindeplar séu allvíða og verpi einkum í sjávarbökkum allt umhverfis eyjuna.



23. mynd. Steindepill á óðali sunnan Háaborðs í Hrísey. Ljós. Þorsteinn Þorsteinsson
16.05.2014

Skógarþröstur *Turdus iliacus*

Skógarprestir voru lítt áberandi í Hrísey fyrir 1960. Helst sáust þeir í þorpinu í þeim fáu gördum þar sem tré voru á þeim tíma. Þá komu skógarprestir einstaka sinnum í heimsókn til eyjarinnar og þá ætíð að vorinu og alltaf aðeins fáir fuglar (KB). „Sá einn þröst, en hann sést sjaldan“ skrifaði Sæmundur Stefánsson á Ystabæ í dagbók sína 26. apríl 1962, en áratug síðar sá Finnur Guðmundsson (FG dagb. 26. maí 1972) þresti allvíða í þorpinu þótt þeir væru færri en áður. Árið 1985 voru skógarprestir fleiri en árin á undan og 1989 var mikið af þröstum í þorpinu og Ystabæjarlandi. (SS dagb).

Það hefur færst í vöxt með árunum að þrestir dveljist í Hrísey yfir vetrartímann og keppast eyjarskeggjar við að gefa þeim rúsínur og annað góðgæti. Skógarprestir verja svæði sín langt fram eftir hausti. Þegar rjúpur sækja inn í þorpið og setjast á þök húsanna láta þrestirnir þær ekki í friði og hrekja burt. All oft sjást rjúpur á flugi í þorpinu með þröst hangandi í stélinu.

1994: Samkvæmt svæða- og sniðtalningum lætur nærri að 176 skógarprastarpör hafi orpið í Hrísey miðað við talningu meðan á fyrsta varpi stóð (en þrestir verpa oft aftur). Varp þeirra var þéttast í þorpinu og voru hreiðrin í trjám við húsinn, í gömlum skúrum, í hreiðurkössum á húsum og víðar. Þá var mjög þétt varp í trjánunum í kringum Ystabæ og í runnum og öðrum trjágróðri vestan háeyjar. Mjög lítið varp var á sjálfri háeynni og austan hennar enda enginn trjágróður á þeim stöðum. Nokkur hreiður voru í sjávarbökkum.

Eftir varptíma, í byrjun ágúst, voru fjölmargir þrestir í þorpinu og rétt utan þess. Þá voru einnig mjög margir þrestir í Ystabæjarlandi. Fjöldi þresta haustið 1994 var hreint ótrúlegur, því margir þeirra virðast hafa orpið oftar en einu sinni og sumir oftar en tvisvar.

2004: Fyrsta skógarþrestarhreiðrið fannst 16. maí. Fram að þeim tíma var mikill snjór á eyinni, en þarna var aðeins farið að sjást á þúfu og þúfu. Tveim dögum fyrr sungu þrestir víða í trjágróðri. Samkvæmt sniðtalningum urpu 332 skógarþrestarpör í Hrísey árið 2004.

2014: Fyrstu skógarþrestirnir sáu 29. mars. Þeim fjölgaði hratt og 1. apríl var þorpið fullt af þröstum. Þann 9. apríl var enn mikill snjór í Hrísey en þann dag voru þrestirnir farnir að syngja í trjám í Ystabæjarlandi. Þann 22. apríl var þröstur byrjaður að byggja sér hreiður í gamalli dráttarvél við sumarhús ÞÞ. Fuglinn var með ótrúlega mikið efni í hverri ferð og kláraði hann hreiðrið fyrir kvöldið en botninn gerði hann daginn eftir. 25. apríl er komið eitt egg. 26. apríl eru eggin orðin tvö. 27. apríl eru komin þrjú egg. 28. apríl eru þau fjögur og kvenfuglinn liggur á eggjunum. 29. apríl eru eggin orðin fimm og kvenfuglinn liggur á. 11. maí eru komnir ungar úr öllum eggjunum. Á tímabilinu 22. apríl til 13. júní fundust alls 32 hreiður með eggjum og eða ungun (24. mynd). Fyrstu ungar klöktust 10.-11. maí. Meðalfjöldi eggja var 4,5 (n=24, 1-6 egg). Samkvæmt útreikningum sniðtalninga urpu 203 skógarþrestarpör í Hrísey árið 2014.



24. mynd. Hreiður skógarþrestar í furu í Hrísey. Ljós. Þorsteinn Þorsteinsson 15.05.2014

Skógarþröstum fjölgaði úr 176 pörum 1994 í 332 pör 2004 en fækkaði síðan í 203 pör 2014.

Hrafn *Corvus corax*

Sennilega hafa hrafnar orpið í Hrísey frá örófi alda, en á undanförunum áratugum hefur þeim verið haldið í skefjum, eða allt frá því að farið var að nýta æðarvarpið í Ystabæjarlandi. Síðan hefur eitt par fengið að vera í friði í Ystabæjarlandi. Stundum hafa fleiri pör orpið í eyjunni, t.d. þrjú árið 1984 og tvö pör hvort árið 1987 og 1988.

„Séð hef ég tvo hrafna reyna að ræna kollu eggjum, en hún sat sem fastast á eggjunum. Annar tók sig þá til og hoppaði argandi framan við hana, og þegar hún svo teygði sig áfram til þess að bíta hann, smeygði hinn sér undir hana aftanfrá og stal eggi“. (SS bréf).

1994: Um vorið settist eitt par að þar sem oftast hefur verið hreiður, milli Garðs og Melenda norðan girðingar að austan. Mikill snjór var í björgunum austan til á eyinni og norðan girðingar í upphafi varptíma. Þegar skyndilega hlánaði er sennilegt að snjóskafli eða hengja hafi fallið ofan í hreiðrið og allt misfarist. Párið var eftir þetta á flækingi um eyjuna en varp ekki aftur. Það komust því engir hrafnungar á legg í Hrísey árið 1994.

2004: Eitt par var í Hrísey árið 2004 og kom það upp ungum. Hreiðrið var á sínum hefðbundna stað í bjarginu utan við ytri Miðbæjargirðingu að austan, milli Garðs og Melenda.

2014: Þrjú pör urpu í Hrísey árið 2014. Hreiður var í bjarginu rétt norðan Tófugjár. Annað hreiður var í bjarginu við Melenda. Þriðja hreiðrið var í sjávarbakkanum rétt neðan Einangrunarstöðvarinnar. Þann 26. maí sáust tveir ungar í hreiðrinu en foreldrarnir létu lítið á sér bera og fylgdust með úr fjarska. Í byrjun júlí var hrafnspár með fjóra fleyga unga við hreiðrið norðan Tófugjár og annað með fleyga unga við Melenda.

Stari *Sturnus vulgaris*

2004: Einn stari sást í sumarhúsabyggðinni á austureynni þann 22. apríl. Hann sást aðeins þennan eina dag og hefur efalaust horfið aftur til lands.

2014: Tvö pör voru í fæði hjá Ragnari Víkingssyni frá því snemma um vorið. Þann 14. apríl sá ég stara með efni til hreiðurgerðar. Flaug hann inn í vegg í sjóhúsi Birgis Sigurjónssonar en það stendur ofan sjávarkambsins rétt austan Sandshorns. Nokkru síðar var hitt parið í hreiðurgerð í húsi Útgerðarfélagssins Hvamms upp af höfninni. Þann 12. maí voru fuglarnir að bera æti í hreiðrið í sjóhúsi Birgis. Um mánaðamótin ágúst og september var yfir 20 stara hópur á ferð og flugi í þorpinu sem bendir til þess að stararnir hafi orpið tvisvar sinnum í sumar og komið upp ungum. Eftir miðjan september og fram að mánaðamótum október og nóvember voru tveir álíka stórir hópar stara í eyinni, hvor um sig með um 25-27 fugla. Einu sinni sást allur hópurinn (53 fuglar) neðan sundlaugarinnar þar sem fuglarnir röðuðu sér í kringum poll og fengu sér að drekka. Líklegt er að stór hluti þessara fugla sé frá nálægum varpstöðum beggja vegna Hríseyjar. Starar hafa orpið í nokkur ár á Dalvík og Grenivík (Sth dagb.). Þetta í fyrsta sinn sem starar verpa í Hrísey.

Auðnutittlingur *Acanthis flammea*

Heimildir um auðnutittlinga í Hrísey eru litlar frá fyrri tíð. Í dagbókum Finns Guðmundssonar frá árunum 1963-1976 eru við og við skráningar um auðnutittlinga sem sáust í eygni. Sennilega hafa nokkur pör orpið síðan trjárækt hófst og þá fyrst og fremst eftir að tré tóku að stækka í Ystabæjarlandi. Í dagbók Finns Guðmundssonar er getið um hreiður í þorpinu 15. maí 1965 (FG dagb.). Sæmundur á Ystabæ skrifar um auðnutittlinga: „Aðeins fá pör sem hreiðra um sig í trjánun nærri bænum“ (SS bréf).

1994: Fimm gömul hreiður fundust í greni og lerkitrjám. Tvö pör sáust kringum Ystabæjarhúsið og í trjáreitum ofan bæjar. Hreiður fundust ekki en vitað var um eitt hreiður í þéttri grenitrjáaröð ofan við Ystabæjarhúsið en ekki var komist að hreiðrinu. Eins gæti verið hjá hinu parinu, að það hafi orpið í þéttri grenitrjáaröð því fuglarnir sáust af og til og eins heyðist í þeim. Í trjánun ofan vegar sunnan við Hundhól sást og heyðist í einu pari. Samkvæmt þessu teljum við að þrjú pör auðnutittlinga hafi orpið í Hrísey árið 1994.

2004: Auðnutittlingshreiður sem fundust í Hrísey snemma um vorið fóru illa í hreti sem gerði seinnipartinn í apríl, en þá snjóaði mikið með talsverðum kulda. Hreiður sem fannst ofan Ystabæjar með fimm eggjum var yfirgefið og höfðu eggin frosið við botninn. Annað hreiður sem fannst í trjálundinum upp af Lendingunni í Ystabæ var með þremur eggjum og var það einnig yfirgefið. Þann 30. maí voru syngjandi auðnutittlingar í trjálundum ofan og utan Ystabæjar. Talið var að átta auðnutittlingspör hafi orpið í Hrísey á árinu 2004.

2014: Í byrjun apríl sáust auðnutittlingar víða. Bæði 21. og 22. apríl spiluðum við söng þeirra við marga trjáreiti og það brást ekki að auðnutittlingar brugðust við með því að sýna óðalsatferli. Greinilegt var að fjöldi þeirra var mikill og þegar kom fram í maímánuð var kliður af söng þeirra á mörgum stöðum. Þrjú hreiður fundust 14. maí og voru þau á öllum stigum; eitt með ungum, annað tilbúið til varps og ungar nýfarnir úr því þriðja. Samkvæmt sniðtalningum hafa 79 auðnutittlingspör orpið í Hrísey árið 2014.

Veruleg fjölgun hefur átt sér stað hjá auðnutittlingi, úr þremur pörum 1994 í 79 pör 2014. Þessi fjölgun kemur ekki á óvart þar sem kjörlendi auðnutittlings er að stækka í eygni, bæði möguleikar á hreiðurstöðum með vaxandi skógrækt og einnig fæðumöguleikar í fjölgun birkis. Stofn auðnutittlinga hefur verið óvenju stór nú síðustu 2-3 ár (STh dagb.). Fjöldi varppara er breytilegur eftir árum því miklar sveiflur geta átt sér stað í íslenska auðnutittlingsstofninum (Sverrir Thorstensen & Ævar Petersen 1994).

Snjótittlingur (sólskríkja) *Plectrophenax nivalis*

Kjörlendi sólskríkjanna (25. mynd) er grýtt lítt gróið land. Þær eru því langmest í klettum og sjávarbökkum í Hrísey. Þær eru þó ekki algengir varpfuglar í samanburði við þann geysimikla fjölda sem er vanalega í eygni á veturna. „Er í hópum á veturna og þá einkum heimavið og í túnum. Hreiðrar um sig í klettaskorum við sjóinn en kemur með unga sína í heimsókn þegar þeir eru orðnir fleygir“ (SS bréf).

1994: Alls urpu 16 sólskríkjupör í Hrísey á árinu 1994. Í landi hreppsins urpu 11 pör, en fimm pör í Miðbæjar- og Ystabæjarlandi. Flest voru pörin milli Tófugjár og Borgarbríkur en tvö pör urpu uppi á eygni, annað í Löngumýrarhömrum og hitt í grennd við Beinalág. Síðast í júlí var þar með unga í þorpinu og flögraði þar á milli húsa. Fullorðnu fuglarnir voru mjög gæfir og virtust heimavanir.

2004: Alls urpu 25 sólskríkjupör í Hrísey á árinu 2004, 15 í landi hreppsins og 10 pör utan girðingar í Miðbæjar- og Ystabæjarlandi.

2014: Alls urpu 15 sólskríkjupör í Hrísey á árinu 2014. Flest voru þau í hlöðnum sjóvarnargarði í þorpinu en nokkur í sjávarbökkum. Tvö hreiður með ungum fundust 2. júní, bæði í malarnámum.

Greinileg fækkun varppara er frá árinu 2004 en svipaður fjöldi 1994 og 2014.



25. mynd. Sólskríkja, kvenfugl. Ljósmynd. Eyþór Ingi Jónsson 23.05.2012

FUGLAR SEM SÁUST Í HRÍSEY 2014 EN URPU EKKI

Lómur *Gavia stellata*. Þann 15. júní var lómur á sundi við fjörurnar í Miðbæjarlandi að vestan.

Himbrimi *Gavia immer*. Þann 26. júní var himbrimapar á Lambhagavík.

Súla *Sula bassana*. Nokkra daga í apríl sáust súlur á flugi framan við þorpið og á Hafnarvíkinni.

Dílaskarfar *Phalacrocorax carbo* sáust daglega þegar farið var með bökkunum. Eins voru þeir oft á flugi framan við þorpið. Margsinnis sátu þeir á klöppunum við Saltnes, Búðartanga og Stekkjarnef. Eins og í hinum fyrri talningum sátu þeir mjög mikið í bjarginu utan Borgarbríkur, en þar er allt hvítt af skít. Þegar farið var á báti umhverfis eyjuna vegna talningar á fýlum 26. júní sáust um 20 dílaskarfar.

Álft *Cygnus cygnus*. 22. apríl voru 18 álfir á flugi yfir Miðbæjarlandi. 12. maí var álftapar á Lambhagatjörn og síðar á lítilli tjörn sunnan Miðbæjargirðingar að vestan og neðan götunnar. Þær héldu þarna til í tvo til þrjá daga en hurfu síðan úr eygni.

Helsingi *Branta leucopsis*. Þann 14. maí voru 30 helsingjar við Krossatóft. Ekki er algengt að þeir sjáist í eygni.

Straumendur *Histrionicus histrionicus* sáust nokkrum sinnum við austanverða eyjuna, oftast við Stóra-Bola, Borgarbrík og Eyjarendann. Þann 27. mars sáust 10 pör austan við Horn og 15. júní voru 5 steggir við Borgarbrík.

Hávella *Clangula hyemalis*. Mikið var af hávellum við Hrísey í mars og apríl. Um mánaðamótin sáust þúsundir í álnum austan eyjarinnar og innaustur af eygni. Nær 50 hávellur voru undan Miðbæjarlandi 22. apríl. Nokkru síðar hurfu þær að mestu frá eygni.

Smyrill *Falco columbarius* sást einstaka sinnum í Hrísey í sumar. Hann er hér í eygni meira á haustmánuðum þegar hann er hvað mest á eftir þúfuttlingunum.

Fálki *Falco rusticolus*. Af og til sást fálki á flugi yfir eygni. Hann var þá að huga að rjúpum.

Rauðbrystingur *Calidris canutus*. Þann 26. maí voru nær 30 rauðbrystingar á bakkanum utan við Saltnes.

Sendlingar *Calidris maritima* sáust oft fara hjá í stærri og minni hópum. Aldrei var þeirra vart uppi á eygni. Þann 9. maí sátu 35 sendlingar á Stekkjarnefssklöppunum. Sendlingar sáust víða við austurströndina 10. júlí, oftast örfáir saman á hverjum stað.

Tildrur *Arenaria interpres* sáust nokkrum sinnum í fjörunum. Þann 9. maí voru 30 tildrur á klöppunum við Stekkjarnef og 15. júní voru nokkrar tildrur í Hvatastaðafjöru.

Svartþröstur *Turdus merula*. Tveir til þrír svartþrestir voru í Hrísey veturinn 2013 til 2014 og voru þeir fœðraðir af mörgum í eygni. Þegar voraði hurfu þeir á braut.

Grápröstur *Turdus pilaris*. Einn grápröstur var um tíma í eygni eftir áramótin 2013 og 2014 en hann hvarf á braut eftir fáeina daga.

ÓREGLULEGIR VARPFUGLAR

Lómur *Gavia stellata*

„Lómur verpti í nokkur sumur við Miðbæjartjörn, en kom ekki sumarið 1977 né síðar. Verpti alltaf tveim eggjum og kom ungum til þroska“. (SS bréf).

Álft *Cygnus cygnus*

Álft hefur tvisvar sinnum orpið við Miðbæjartjörn í Hrísey, í fyrra skiptið 1993 og síðan 1998. Álftir sjást nú orðið flest vor í Hrísey og stundum hafa þær dvalið á tjörnum í eygni í nokkra daga áður en þær hverfa aftur á braut.

Sendlingur *Calidris maritima*

Eftir að rjúpnarannsóknir hófust í Hrísey árið 1963 fannst sendlingshreiður á uppblásnum mel á háeygni stutt sunnan girðingar. Síðan er ekki vitað til að sendlingar hafi orpið í eygni en þeir eru oft í stórum hópum í fjörum í eygni, sérstaklega að vetri til.

Brandugla *Asio flammeus*

Brandugla hefur einu sinni orpið í Hrísey. Vorið 1989 var hreiður á Trönuhól. En þar sem aðal gönguleiðin umhverfis þorpið lá við rætur hólsins og mikil umferð var við hreiðrið, þá afrækti hún fljótlega. Þá voru fimm egg í hreiðrinu. Branduglur sjást af og til í eygni. Stundum eru þær einar á ferð, en stundum sjást þör.

MERKINGAR OG ENDURHEIMTUR MERKTRA FUGLA

Samhliða talningum 2014 merktum við alls 183 fugla af 12 tegundum með merkjum frá Náttúrufræðistofnun Íslands (4. tafla, 26. mynd). Einnig tókum við þrjár merktar æðarkollur og tvo merkta fýla á hreiðrum í maí og júní auk þess sem einn merktur skógarþröstur náðist í net við merkingar á rjúpum, skógarþröstum og auðnutittlingum í september.

4. tafla. Merkingar í Hrísey 2014

Tegund	Ungar	Fullo.	Alls
Fýll		81	81
Æður		9	9
Rjúpa		4	4
Tjaldur	2		2
Sandlóa	1		1
Hrossagaukur	3	2	5
Jaðrakan		3	3
Hettumáfur	2		2
Stormmáfur	4		4
Skógarþröstur	14	40	54
Auðnutittlingur	5	11	16
Snjótittlingur		2	2
Alls:	31	152	183

Eftirtaldir merktir fuglar náðust:

233959 æður, kolla á hreiðri. Miðbær
 233971 æður, kolla á hreiðri. Miðbær
 264279 æður, kolla á hreiðri. Flugvöllur
 336661 fýll, fullorðinn á hreiðri. Ystibær
 336692 fýll, fullorðinn á hreiðri. Ystibær
 866797 skógarþröstur, fullvaxinn í net ofan þorps

merkt 29.05.2010 sama stað
 merkt 29.05.2010 sama stað
 merkt 30.05.2004 sama stað
 merktur 29.05.2004 sama stað
 merktur 29.05.2004 sama stað
 merktur 21.09.2013 sama stað



26. mynd. Fýll merktur í Hrísey. Ljósm. Þorsteinn Þorsteinsson 09.07.2014

UMRÆÐA

Sumarið 2014 fundust alls 37 tegundir varpfugla í Hrísey og er það fjölgun um eina tegund frá 2004 (stari) og fjórar tegundir frá 1994 (grágæs, músarrindill, steindepill og stari). Vitað er um fjórar tegundir til viðbótar sem hafa orpið í Hrísey önnur ár en eru alveg horfnar eða verpa óreglulega. Þetta eru lómur, álft, sendlingur og brandugla. Alls er því vitað um 41 tegund varpfugla í Hrísey síðustu 50-60 ár. Í 5. töflu er skráður fjöldi varpfugla árin 1994, 2004 og 2014.

Töluverðar breytingar hafa orðið á fuglafánu Hríseyjar á undanförunum 50-60 árum. Af 37 tegundum sem nú verpa í eyinni hafa 15 numið land eftir 1950. Þetta eru:

1951-1960: Fýll, silfurmafur, skógarþröstur.

1961-1970: Tjaldur, hettumáfur, stormmáfur, auðnutittlingur.

1971-1980: Jaðrakan.

1981-1990: Grágæs.

1991-2000: Heiðagæs, grafönd, skúfönd, sílamáfur.

2001-2010: Músarrindill.

2011-2014: Stari.

Á sama tíma hefur enginn reglulegra varpfugla horfið úr Hrísey.

5. tafla. Fjöldi varpfugla í Hrísey 1994, 2004 og 2014

Tegund	1994	2004	2014
Fýll	1739	2222	2295
Heiðagæs	2	2	1
Grágæs	0	3	25-30
Rauðhöfðaönd	14	12	17-20
Urtönd	5	8	8-10
Stökkönd	10	11	15-17
Grafönd	2	2	1
Skúfönd	1	3	10-12
Æður	2900	3040	2300
Toppönd	5	8-10	7
Rjúpa	103	88	91
Tjaldur	7	9	9
Sandlóa	5	4	4
Heiðlóa	145	174	102
Lóupræll	10	6	3
Hrossagakur	249	244	146
Jaðrakan	35	57	66
Spói	147	56	64
Stelkur	44	74	31
Óðinshani	6	10	10
Kjóí	4	7	7
Hettumáfur	30	3-4	10
Stormmáfur	28	123	99
Sílamáfur	3	4	60-65
Silfurmáfur	14	35	60-66
Svartbakur	13	13	4
Kría	25000	17500	9800
Teista	66	105	164
Þúfutittlingur	40	232	100
Maríuerla	13	23	19
Músarrindill	0	1	2
Steindepill	0	3	3
Skógarþröstur	176	332	203
Hrafn	1	1	3
Stari	0	0	2
Auðnutittlingur	3	8	79
Snjótittlingur	16	25	15
ALLS:	30836	24448-24451	15835-15860

Þéttleiki mófugla (heiðlóa, hrossagaukur, jaðrakan, spói, stelkur, þúfutittlingur) í Hrísey er mun minni en t.d. í Krossanesborgum á Akureyri. Mesti þéttleiki þessara tegunda í Hrísey var sumarið 2004 (113 pör/km²), en minnstur 2014 (69 pör/km²). Meðalþéttleikinn fyrir árin 1994, 2004 og 2014 er 90 pör/km². Í Krossanesborgum eru til tölur frá árunum 1998, 2003, 2008 og 2013. Þar mældist mesti þéttleiki sumarið 2003 (154 pör/km²) en minnstur sumarið 2008 (116 pör/km²). Meðalþéttleiki mófugla í Krossanesborgum þessi ár var 127 pör/km² (Sverrir Thorstensen og Þorsteinn Þorsteinsson 2013). Á sama tíma og þéttleiki mófugla í Krossanesborgum stóð nánast í stað urðu bæði miklar sveiflur og ekki síst veruleg fækkun þessara sömu tegunda í Hrísey. Hugsanlegt er að fækkun sem mælist hjá æðarfugli, heiðlóu, lóuþræl, spóa, stelk, hrossagauk og þúfutittlingi megi að stórum hluta rekja til breytinga á kjörlendi þessara tegunda. Mikil breyting hefur átt sér stað í gróðurfari eyjarinnar á þessu 20 ára tímabili. Nú er erfiðleikum bundið að fara eftir bökkunum utan girðingar austan og vestantil á eyggi vegna þess hve lúpinu- og skógarkerfilsbreiðurnar eru orðnar þéttar. Eins er vitabrekkjan þakin lúpinu, hvönn og skógarkerfli að stórum hluta, sums staðar allt til sjávar. Einnig er svæðið neðan götunnar frá Miðbæ norður að Ystabæ að talsverðum hluta komið undir þennan gróður sem vex og þéttist með hverju árinu sem líður. Sannarlega er komið þarna í mikið óefni og fróðlegt verður að vita hvernig eyjan muni líta út að tíu árum liðnum. Einnig er vert að íhuga hvort skógrækt í Hrísey geti haft neikvæð áhrif á fjölda mófugla þegar til lengri tíma er litið.

Í Hrísey verpa þrjár tegundir fugla sem samkvæmt valista Náttúrufræðistofnunar Íslands eru taldar vera „í yfirvofandi hættu“ (grágæs, svartbakur, hrafn) og tvær tegundir „í nokkurri hættu“ (grafönd, stormmáfur) (Náttúrufræðistofnun Íslands 2000). Í nýrri skýrslu frá sömu stofnun er íslenskum fuglum skipt í fjóra flokka með hliðsjón af nauðsyn vöktunar (Guðmundur A. Guðmundsson og Kristinn Haukur Skarphéðinsson 2012). Þar kemur jafnframt fram að unnið sé að endurskoðun valistans og þá muni nokkrar valistategundir falla út t.d. grafönd, stormmáfur og hugsanlega hrafn. Varpfuglar í Hrísey falla í vöktunarflokka sem hér segir:

A – Tegundir sem mjög mikilvægt er að vakta: Heiðagæs, rjúpa, heiðlóa, lóuþræll, jaðrakan, stelkur, teista.

B – Tegundir sem mikilvægt er að vakta: Fýll, grágæs, æðarfugl, sandlóa, hrossagaukur, spói, sílamáfur, svartbakur, kría, steindepill, hrafn.

C – Tegundir sem þarf að vakta: Rauðhöfðaönd, skúfönd, tjaldur, óðinshani, kjói, hettumáfur, stormmáfur, músarrindill, skógarþröstur.

D – Tegundir þar sem vöktun er ekki forgangsmat: Urtönd, stökkönd, grafönd, toppönd, silfurmafur, þúfutittlingur, maríuerla, stari, auðnutittlingur, snjótitlingur.

Samkvæmt þessari flokkun er um helmingur þeirra tegunda fugla sem verpa í Hrísey í tveimur mikilvægustu flokkunum A og B sem sýnir vel mikilvægi þess að fylgst verði áfram með varpfuglum Hríseyjar og jafnframt að áhersla verði lögð á að viðhalda náttúrulegum gróðri lyngmóanna sem stendur undir fjölbreyttu mófuglalífi eyjarinnar.

ÞAKKIR

Akureyrarbær, Hríseyjarhreppur og Menningarmálanefnd KEA styrktu talningarnar 1994. Íslandsbanki, Landsbankinn, Pokasjóður verslunarinnar og Samherji styrktu talningarnar 2004.

Íslandsbanki og Norðurorka styrktu talningarnar 2014.

Eftirtaldir aðilar aðstoðuðu við talningar: Arnar Þór Þorsteinsson (2004), Ásta Eybjörg Þorsteinsdóttir (2004), Baldur Hjörleifsson (2004), Sesselja Stefánsdóttir (1994, 2004, 2014), Þorsteinn Egilsson (1994), Þórey Ketilsdóttir (2014) og Ævar Petersen (1994, 2004). Ævar vann að skipulagningu talninganna í upphafi, staðsetti snið og reiknaði út fjölda para úr svæða- og sniðtalningum 1994. Jafnframt las hann handrit þessara skýrslu og kom með margar gagnlegar ábendingar.

Við talningar á fýlum lögðu þessir aðilar til báta og aðstoðuðu við talningarnar: Árni Þorvaldsson og Jónas Stefánsson (1994), Arnar Þór Þorsteinsson (2004), Heimir Sigurgeirsson og Sigurgeir Júlíusson (2014).

Ólafur Karl Nielsen staðsetti talningarsnið 2004 og 2014 og reiknaði út fjölda para úr sniðtalningum 2004 og 2014.

Pawel Wasowicz vann tölfræði úr talningum á kríuhreiðrum 2014.

Karl Matthías Valtýsson vann loftmyndir (5. og 18. mynd).

Úlla Knudsen, Unnur Sæmundsdóttir og Sveinn Þór Stefánsson á Ystabæ hafa gefið okkur ómetanlegar upplýsingar um fuglalíf á undanförunum 20 árum og veitt okkur aðgang að dagbókum Sæmundar heitins Stefánssonar.

Eyþór Ingi Jónsson lagði til mynd af sólskríkju (25. mynd).

Hríseyjarferjan hefur veitt aðstoð af ýmsum toga.

Hríseyingar ungir sem aldnir hafa veitt margs konar upplýsingar sem komu sér vel í þessum talningum.

Öllum þessum aðilum er þakkað af heilum hug.

Heimildir

Arnþór Garðarsson, Guðmundur A. Guðmundsson og Kristján Lilliendahl 2011. Fýlabyggðir fyrir og nú. Bliki 31: 1-10.

Árni Magnússon og Páll Vídalín 1945. Jarðabók. 10. bindi. Eyjafjarðarsýsla. Ljósprentun. Jakob Benediktsson gaf út.

Borgþór Magnússon, Sigurður H. Magnússon og Bjarni Diðrik Sigurðsson 2001. Gróðurframvinda í lúpínubreiðum. Fjölrit Rala nr. 207. 100 bls.

Bullock, I.D. og H. Gomersall 1981. The breeding populations of terns in Orkney and Shetland in 1980. Bird Study 28(3): 187-200.

Guðmundur A. Guðmundsson og Kristinn Haukur Skarphéðinsson 2012. Vöktun íslenskra fuglastofna. Forgangsröðun tegunda og tillögur að vöktun. Náttúrufræðistofnun Íslands, NÍ-12010.

Ingimar Óskarsson 1930. The vegetation of the islet Hrísey in Eyjafjörður North-Iceland. Vísindafélag Íslendinga 8. Gutenberg. Reykjavík. 18, 2 bls.

Náttúrufræðistofnun Íslands. Gagnagrunnur plantna. <http://www.floraislands.is/PDF-skjol/Flora%20Hriseyjar.pdf>. Skoðað 01.12.2014.

Náttúrufræðistofnun Íslands 2000. Válisti 2: fuglar.

Náttúruminjaskrá 1996. Skrá um friðlýst svæði og aðrar náttúruminjar. 7. útgáfa. Náttúruverndarráð. 64 bls.

Ólafur K. Nielsen 1999. Vöktun rjúpnastofnsins. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar Íslands nr. 39. 55 bls.

Ólafur K. Nielsen, Jenný Brynjarsdóttir og Kjartan Magnússon 2004. Vöktun rjúpnastofnsins 1999-2003. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar 47. 110 bls.

Rannveig Thoroddsen, Guðmundur Guðjónsson og Borgþór Magnússon 2009. Gróðurkortlagning Hríseyjar 2007. Unnið fyrir Akureyrarbæ. NÍ-09011. 55 bls. + gróðurkort.

Staðardagskrá 21 fyrir Hrísey. Staða mála og sérverkefni í Hrísey. 2. útgáfa. Akureyrarbær 2007. 15 bls.

Sverrir Thorstensen og Þorsteinn Þorsteinsson 2013. Fuglalíf Krossanesborga sumarið 2013. Könnun gerð að beiðni umhverfisnefndar Akureyrar. 33 bls.

Sverrir Thorstensen og Ævar Petersen 1994. Varphættir auðnutittlinga á Norðurlandi. Bliki 14: 1-13.

Sverrir Thorstensen og Ævar Petersen 2013. Enn fjölgar stormmáfum í Eyjafirði. Náttúrufræðingurinn 83 (3-4). 159-166.

Sverrir Thorstensen, Ævar Petersen, Þórey Ketilsdóttir og Snævarr Örn Georgsson 2011. Fuglalíf í óshólmum Eyjafjarðarár: Könnun 2010 með samanburði við fyrri ár. Unnið fyrir umhverfisnefnd Akureyrar. NÍ-11003. 79 bls.

Ævar Petersen 1981. Breeding biology and feeding ecology of Black Guillemots. Háskólinn í Oxford, Englandi. Óbirt doktorsritgerð. 378 bls.

Ævar Petersen 1998. Íslenskir fuglar. Reykjavík. Vaka-Helgafell. 312 bls.

Ævar Petersen 2009. Formation of a bird community on a new island, Surtsey, Iceland. Surtsey Research (2009) 12: 133-148.

Ævar Petersen 2010. Fuglalíf í Flatey á Skjálfanda. Náttúrufræðistofnun Íslands, NÍ-10001. Reykjavík: Náttúrufræðistofnun Íslands. 44 bls.

Ævar Petersen og Sverrir Thorstensen 1993. Hettumáfsvörp í Eyjafirði 1990. Bliki 13: 45-59.

Ævar Petersen og Sverrir Thorstensen 2004. Vöktun stormmáfsstofnsins í Eyjafirði 1980-2000. Náttúrufræðingurinn 72 (3-4). 144-154.

Óbirtar:

Finnur Guðmundsson (FG dagb.). Óbirtar dagbækur á árunum 1963 til 1976. Varðveittar á Náttúrufræðistofnun Íslands.

Sæmundur Stefánsson (SS dagb.). Óbirtar dagbækur frá árunum 1959 til 1994.

Sæmundur Stefánsson (SS bréf). Ódagsett bréf um fuglalíf í Ystabæjarlandi. Í vörslu ÞÞ.

Kristinn Þorvaldsson (KÞ). Ýmsar frásagnir frá Hrísey á 20. öld. Í vörslu ÞÞ.

Munnlegar upplýsingar:

Heimir Áslaugsson (HÁ)

Heimir Sigurgeirsson (HS)

Kristinn Frímann Árnason (KFÁ)

Kristinn Þorvaldsson (KÞ)

Ragnar Víkingsson (RV)

Steinar Kjartansson (SK)

Sveinn Þór Stefánsson (SPS)

Unnur Sæmundsdóttir (US)

Úlla Knudsen (ÚK)

Þorsteinn Baldvinsson (ÞB)

Viðaukar

1. viðauki: GPS hnit endapunkta talningarsniða 2004 og 2014 og lengd þeirra

Snið	punktur		Punktur		lengd m
	austur	norður	austur	norður	
1 til 2	528,606,957	609,334,263	529,518,034	609,849,971	1047
3 til 4	528,361,672	609,621,353	529,439,848	610,233,159	1240
5 til 6	527,998,179	609,875,002	529,336,160	610,634,233	1538
7 til 8	527,591,078	610,103,907	529,216,067	611,025,999	1868
9 til 10	527,478,539	610,499,959	528,963,839	611,342,786	1707
11 til 12	527,101,966	610,746,186	528,759,544	611,686,771	1906
13 til 14	527,303,060	611,320,208	528,512,127	612,006,288	1390
15 til 16	527,310,525	611,784,357	528,225,827	612,303,740	1052
17 til 18	527,213,160	612,189,019	528,013,722	612,643,294	920
19 til 20	527,091,536	612,579,916	527,852,005	613,011,441	874
21 til 22	527,004,251	612,990,299	527,565,320	613,308,674	645
23 til 24	526,842,442	613,358,393	527,294,313	613,614,805	520
25 til 26	526,705,033	613,740,333	527,018,469	613,918,191	360
27 til 28	526,544,292	614,109,033	526,854,279	614,284,934	356
29 til 30	526,420,211	614,498,536	526,632,073	614,618,756	244
31 til 32	527,153,400	610,599,718	527,420,533	610,751,301	307
33 til 34	527,158,421	610,424,404	527,456,010	610,593,269	342
35 til 36	527,195,766	610,263,752	527,533,303	610,455,285	389
37 til 38	527,333,944	610,133,996	527,624,712	610,298,990	334
39 til 40	527,464,896	609,954,604	527,639,798	610,053,851	202
41 til 42	527,719,877	609,879,770	527,766,451	609,971,861	103
43 til 44	527,834,322	609,819,610	527,907,143	609,927,181	130
45 til 46	528,043,517	609,705,328	528,087,316	609,770,028	78
47 til 48	528,109,176	609,530,847	528,353,508	609,637,165	266
49 til 50	528,163,663	609,217,746	528,621,849	609,667,422	641
51 til 52	528,523,788	609,183,271	528,541,037	609,405,974	223
53 til 54	528,732,760	609,102,417	528,775,416	609,345,726	247
55 til 56	528,968,694	609,279,882	528,885,866	609,472,129	211
57 til 58	529,100,161	609,334,096	529,065,139	609,423,252	96
59 til 60	529,276,048	609,423,701	529,255,391	609,494,848	75

2. viðauki: Þéttleiki mófugla í Hrísey 2004 og 2014. (Ólafur K. Nielsen)

Fyrir hverja tegund er miðað við sama sýnileikafall fyrir bæði árin (byggir á samanlögðu gagnasafninu fyrir hverja tegund). Prófaði 6 sýnileikaföll fyrir hverja tegund (alltaf þau sömu) og AIC gildi notuð til að velja á milli þeirra.

Eingöngu voru teknir með einstaklingar/pör sem sýna atferli sem hægt er að tengja við óðal eða varp. Það sem töflur sýna hér fyrir neðan eru varpóðul á flatareiningu (D) og samtals í eygni (N). Fuglum sem ekki sýndu slíkt atferli er sleppt í úrvinnslu. Í töflunni eru einnig sýndur breytileikastuðull, frítölur og 95% vikiörk.

Athugunum var skipt á 6 belti (0-20-40-70-100-150-200 m). Þar sem athuganir vantaði á ystu beltum var skorið af nær sniðlínu, t.d. hjá auðnutittlingi o.fl. tegundum.

Heiðlóa (ytri mörk 150 m, 5 belti notuð)

	Estimate	%CV	df	95% Confidence Interval	

Stratum: 2004					
Half-normal/Cosine					
D	23.373	14.33	58.63	17.572	31.089
N	174.00	14.33	58.63	131.00	231.00
Stratum: 2014					
Half-normal/Cosine					
D	13.773	19.03	42.66	9.4149	20.149
N	102.00	19.03	42.66	70.000	150.00

Hrossagaukur (öll 6 beltin notuð)

	Estimate	%CV	df	95% Confidence Interval	

Stratum: 2004					
Uniform/Polynomial					
D	32.750	9.53	39.13	27.022	39.691
N	244.00	9.53	39.13	201.00	295.00
Stratum: 2014					
Uniform/Polynomial					
D	19.689	14.71	38.95	14.646	26.469
N	146.00	14.71	38.95	109.00	197.00

Jaðrakan (öll 6 beltin notuð)

	Estimate	%CV	df	95% Confidence Interval	

Stratum: 2004					
Half-normal/Cosine					
D	7.6224	17.14	61.38	5.4247	10.710
N	57.000	17.14	61.38	40.000	80.000
Stratum: 2014					
Half-normal/Cosine					
D	8.8419	22.41	45.29	5.6622	13.807
N	66.000	22.41	45.29	42.000	103.00

Spói (öll 6 beltin notuð)

	Estimate	%CV	df	95% Confidence Interval	

Stratum: 2004					
Half-normal/Cosine					
D	7.5173	23.06	43.97	4.7515	11.893
N	56.000	23.06	43.97	35.000	88.000
Stratum: 2014					
Half-normal/Cosine					
D	8.6310	19.21	52.93	5.8921	12.643
N	64.000	19.21	52.93	44.000	94.000

Stelkur (ytri mörkin 100 m, 4 belti)

	Estimate	%CV	df	95% Confidence Interval	

Stratum: 2004					
Uniform/Polynomial					
D	9.9723	22.69	54.70	6.3650	15.624
N	74.000	22.69	54.70	47.000	116.00
Stratum: 2014					
Uniform/Polynomial					
D	4.1819	27.34	45.36	2.4356	7.1803
N	31.000	27.34	45.36	18.000	53.000

Púfutittlingur (ytri mörk 100 m, 4 belti notuð)

	Estimate	%CV	df	95% Confidence Interval	

Stratum: 2004					
Uniform/Cosine					
D	31.249	13.62	49.71	23.800	41.030
N	232.00	13.62	49.71	177.00	305.00
Stratum: 2014					
Uniform/Cosine					
D	13.454	20.20	36.66	8.9706	20.179
N	100.00	20.20	36.66	67.000	150.00

Skógarþröstur (ytri mörk 150 m, 5 belti notuð)

	Estimate	%CV	df	95% Confidence Interval	

Stratum: 2004					
Half-normal/Cosine					
D	44.565	21.15	82.66	29.397	67.560
N	332.00	21.15	82.66	219.00	503.00
Stratum: 2014					
Half-normal/Cosine					
D	27.277	22.23	54.55	17.563	42.365
N	203.00	22.23	54.55	131.00	315.00

Auðnutittlingur (ytri mörk 70 m, 3 belti notuð)

	Estimate	%CV	df	95% Confidence Interval	

Stratum: 2004					
Uniform/Polynomial					
D	0.00000				
N	0.00000				
Stratum: 2014					
Uniform/Polynomial					
D	10.600	47.63	34.80	4.2318	26.550
N	79.000	47.63	34.80	31.000	198.00

3. viðauki. Fræðiheiti fuglategunda sem koma fyrir í skýrslunni

Lómur	<i>Gavia stellata</i>
Himbrimi	<i>Gavia immer</i>
Fýll	<i>Fulmarus glacialis</i>
Súla	<i>Sula bassana</i>
Dílaskarfur	<i>Phalacrocorax carbo</i>
Álft	<i>Cygnus cygnus</i>
Heiðgæs	<i>Anser brachyrhynchus</i>
Grágæs	<i>Anser anser</i>
Helsingi	<i>Branta leucopsis</i>
Rauðhöfðaönd	<i>Anas penelope</i>
Urtönd	<i>Anas crecca</i>
Stökkönd	<i>Anas platyrhynchos</i>
Grafönd	<i>Anas acuta</i>
Skúfönd	<i>Aythya fuligula</i>
Æður	<i>Somateria mollissima</i>
Straumönd	<i>Histrionicus histrionicus</i>
Hávella	<i>Clangula hyemalis</i>
Toppönd	<i>Mergus serrator</i>
Smyrill	<i>Falco columbarius</i>
Fálki	<i>Falco rusticolus</i>
Rjúpa	<i>Lagopus muta</i>
Tjaldur	<i>Haematopus ostralegus</i>
Sandlóa	<i>Charadrius hiaticula</i>
Heiðlóa	<i>Pluvialis apricaria</i>
Rauðbrystingur	<i>Calidris canutus</i>
Sendlingur	<i>Calidris maritima</i>
Lóuþræll	<i>Calidris alpina</i>
Hrossagaukur	<i>Gallinago gallinago</i>
Jaðrakan	<i>Limosa limosa</i>
Spói	<i>Numenius phaeopus</i>
Stelkur	<i>Tringa totanus</i>
Tildra	<i>Arenaria interpres</i>
Óðinshani	<i>Phalaropus lobatus</i>
Kjóí	<i>Stercorarius parasiticus</i>
Hettumáfur	<i>Chroicocephalus ridibundus</i>
Stormmáfur	<i>Larus canus</i>
Sílamáfur	<i>Larus fuscus</i>
Silfurmáfur	<i>Larus argentatus</i>
Svarbakur	<i>Larus marinus</i>
Kría	<i>Sterna paradisaea</i>
Teista	<i>Cephus grylle</i>

Brandugla	<i>Asio flammeus</i>
Þúfutittlingur	<i>Anthus pratensis</i>
Mariuerla	<i>Motacilla alba</i>
Músarrindill	<i>Troglodytes troglodytes</i>
Steindepill	<i>Oenanthe oenanthe</i>
Svartþröstur	<i>Turdus merula</i>
Gráþröstur	<i>Turdus pilaris</i>
Skógarþröstur	<i>Turdus iliacus</i>
Hrafn	<i>Corvus corax</i>
Stari	<i>Sturnus vulgaris</i>
Auðnutittlingur	<i>Carduelis flammea</i>
Snjótittlingur	<i>Plectrophenax nivalis</i>